

ÁSTA DAVÍÐSDÓTTIR

Ráðstefna landvarða í rúmenskum þjóðgarði

ferðir bílar
allt í MIDJU BLADSINS



VERK AÐ VINNA

Eitt elsta hús landsins endurreist

Sérblað um byggingariðnaðinn
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



BLS STÚTFULLAR AF TILBOÐUM

GLÆSILEGUR BÆKLINGUR
GLÆSILEGUR 8 BLS BÆKLINGUR Í FRÉTTABLAÐINU Í DAG

TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. október 2007 – 258. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIDVIKUDAGUR

Ný lög frá Nýdönsk
Hljómsveitin Nýdönsk sendir frá sér tvö ný lög á tvöfaldrí safnplötu í mánuðinum.
FÓLK 24

Barnlaus Britney
Söngkonan Britney Spears dreif sig út á lífið í Los Angeles eftir að hafa misst forræðið yfir sonum sínum.
FÓLK 22

Snýr aftur
Pétur Þór Gunnarsson snýr aftur í listheiminn eftir tíu ára fjarveru og opnar nýtt gallerí.
FÓLK 30

Rooney fann skotskona
Manchester, Arsenal, Barcelona og Rangers eru með fullt hús eftir tvo leiki í Meistaradeildinni.
ÍPRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG

VÆTA Í dag verður sunnan 8-15 m/s vestan til, annars hægar. Rigning eða skúrir sunnan og vestan til en yfirleitt nokkuð bjart veður norðaustan til framan af degi en þungbúnara síðdegis. Hiti 8-13 stig, mildast nyrðra.
VEÐUR 4

Bannað að rukka fyrir skólaferðalög

Grunnskólar mega ekki taka gjald fyrir vettvangsferðir nemenda á skólatíma. Formaður sambands foreldrafélaga segir þetta áminningu til skóla og foreldra.

SKÓLAR Menntamálaráðuneytið segir að grunnskólum sé óheimil að taka gjald fyrir ferðalög nemenda á almennum kennsludögum. „Þetta er fyrst og fremst áminning til skólanna um að fara ekki fram úr sjálfum sér en er líka áminning til okkar foreldra um að taka ekki öllu sem kemur frá skólanum um að við eigum að borga bara þegjandi og hljóðalaust,“ segir Hildur Björg Hafstein, formaður sambands foreldraráða og foreldrafélaga grunnskóla í Reykjavík. Niðurstaða ráðuneytisins er að

samkvæmt grunnskóla lögum frá 1995 má alls ekki rukka nemendur eða forráðamenn um gjald fyrir ferðalög sem flokkast undir vettvangsnám eða eru að öðru leyti hluti af skyldunámi. Skyldunám eigi að vera nemendum að kostnaðarlausu. Hildur bendir á að í Reykjavík sé gert ráð fyrir fé frá menntaráði í vettvangsferðir, til dæmis í leikhús og á söfn. Ákveði skólarnir að fara út fyrir rammann verði það að vera í samráði við stjórnir foreldrafélaganna og foreldraráðanna í skólunum.

„Mér sýnist að annaðhvort verði sveitarfélögin að setja meira í þetta eða þá að skólarnir dragi úr ferðum og öðru þar sem foreldrar hafa tekið þátt,“ segir Kristinn Breiðfjörð, varaformaður Skólastjórafélags Íslands. Hann viðurkennir að skólarnir virðast hafa verið í órétti með því að rukka foreldra. „Það kæmi mér ekki á óvart að skólarnir hafi verið á gráu svæði en ég er ekki viss um að þessi túlkun skeri úr um öll vafaatriði. Nú þurfum við að fara ofan í það.“

Struku frá Litla-Hrauni: Tveggja fanga leitað í náttmyrkrinu

LÖGREGLUMÁL Tveir fangar struku úr fangelsinu á Litla-Hrauni í gærkvöldi. Þeir sóttu AA-fund í skólabýggingu á fangelsislóðinni en skiluðu sér ekki yfir í aðalbygginguna að honum loknum. Eftir að fangaverðir höfðu leitað innan girðingar og sannfærst um að þeir væru ekki þar var lögreglunni á Selfossi gert viðvart og hóf hún leit, ásamt lögreglunni í Reykjavík, rétt fyrir klukkan tíu. Leitin hafði ekki borið árangur þegar Fréttablaðið fór í prentun. Mennirnir eru rúmlega tvítugir en eiga langan brotaferil að baki. Þeir eru ekki taldir hættulegir að sögn lögreglunnar á Selfossi. Lögregla vildi ekki upplýsa hversu umfangsmikil leitin væri né hvar hún færi fram.



Jeppi beygði í veg fyrir rútu: Tveir á spítala eftir árekstur

LÖGREGLUMÁL Karlmaður um sjötugt var fluttur með höfuðáverka á slysadeild á sjötta tímanum í gær eftir harðan árekstur jeppa og rútu á gatnamótum Grensásvegur og Fellsmúla. Jeppinn beygði til vesturs upp Fellsmúla í veg fyrir rútu sem ók í suður. Maðurinn sem meiddist ók jeppanum og var einn í bílnum. Rútan gegndi hlutverki strætisvagns á leið tvö. Í henni voru tíu farþegar en þeir sluppu allir ómeiddir, eins og ökumaðurinn. Læknir á slysadeild Landspítalans vildi ekki veita upplýsingar um líðan hinna slösuðu í gærkvöldi.

Afmæliskort Olís fylgir blaðinu í dag

olis
80 ÁRA

Jafn margir í vinnu hjá íslenskum fyrirtækjum í útlöndum og á vinnumarkaði hér: Með 163 þúsund á launaskrá

ATVINNULÍF Erlendir starfsmenn á launaskrá íslenskra fyrirtækja utan landsteina eru næstum jafn margir öllu starfandi fólki hér á landi á síðasta ári. Erlendir starfsmenn eru 163 þúsund talsins hið minnsta samanborið við tæp 170 þúsund starfandi einstaklinga hér á landi í fyrra. Baugur er langumsvifamesti atvinnurekandinn á erlendri grundu af íslensku félögum en 67 þúsund manns eru á launaskrá fyrirtækisins. Næstflestar erlendir starfsmenn eru á skrá hjá Bakkavör, eða tuttugu þúsund. Eimskip og Actavis fylgja fast á eftir. Athygli vekur að fjárfestingarfélagið Nordic Partners er ofarlega á lista en á milli sjö til átta þúsund manns eru á launaskrá fyrirtækisins. Langflestar eru þeir í Eystrasaltsríkjum. Stærstu eignir félagsins eru á matvæla- og fasteignasviði í Lettlandi. Auk þess festi félagið nýverið kaup á dönsku hótelleiðinni Remmen Hotels, en innan hennar eru glæsihótelin D'Angleterre og Kong Frederik.

Tilboðsdagar
1 - 6 október

25% afsláttur af völdum vörum

TENGI

Opíó: virka daga 08.00 - 18.00
Laugardaga 10.00 - 15.00

Smiðjuvegi 76 Kópavogur | Baldursnes 6 Akureyri | www.tengi.is

Lykill að lífi
Landssöfnun Kiwanis
4. - 7. október 2007



OKKAR

SPARNADUR MEÐ ÖRORKUVERND FYRIR BÖRN

OKKAR er hvort tveggja í senn örorkutrygging fyrir barnið þitt og sparið sem tryggir fjárhagslega framtíð þess. Bótþættir barnatryggingarinnar eru örorkubætur, dagpeningar vegna sjúkráhusdvalar, umönnunarbætur og dánarbætur.

OKKAR snýst um fjárhagslegt framtíðaröryggi barnsins þíns.

Pantaðu tíma hjá ráðgjafa á kaupthing.is eða í síma 444 7000.



80 ára afmæli Olís
-8,0kr.
af eldsneyti í dag

Renndu við á næstu Olís-stöð í dag og nýttu þér 8 króna afmælisafslátt af eldsneyti í tilefni dagsins.



Við eigum afmæli – þú færð pakkana

Í tilefni af 80 ára afmæli Olís höfum við útbúið sérstakt afmæliskort sem verður dreift inn á hvert heimili auk þess sem það liggur frammi á stöðvum okkar.

Í hvert skipti sem þú fyllir tankinn af eldsneyti hjá Olís færðu stimpil í kortið, en hverjum stimpli fylgir afmælis„pakki“ í formi tilboðsmiða.

Flórídaferð í vinning!

Þegar þú hefur safnað átta stimplum skrifarðu nafnið þitt á kortið og skilar á næstu Olís-stöð. Dregið verður úr innsendum miðum á gamlársdag 2007.

Vinningurinn er vikuferð fyrir fjóra til Flórída.

olís
80 ÁRA

olís

KJÖRKASSINN



Finnst þér rétt að dreifa sprautunálmum ókeypis til fíkla?

Já	64%
Nei	36%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Eiga ráðherrar að sitja á þingi?

Segðu skoðun þína á viris.is **visir**

Eigandi schäfer-hunds harmar óhappatilvik og hefur látið lóga hundinum: Hundurinn minn er farinn

LÖGREGLUMÁL „Hundurinn minn er farinn,“ segir eigandi schäfer-hunds á Akranesi, sem ráðist hefur á þrjár konur að undanfögnu. Maðurinn tilkynnti lögreglu að hann hefði látið lóga hundinum í gær. Hann baðst undan nafnbirtingu vegna umfjöllunar fjölmiðla um málið að undanfögnu.



HUNDURINN Hundurinn sem leitað var að í gær er af tegundinni schäfer, eins og sá sem myndin sýnir.

ekki talið sig hafa lagastöð til að aðhafast í málinu, þótt kvartanir vegna hundsins hafi borist til hennar. Gísli Einarsson bæjarstjóri segir það ekki rétt því samkvæmt lögreglusamþykkt eigi hún að fara eftir bæjarmálasamþykkt Akranesskaupstaðar sem kveði á um að hættuleg dýr eigi að taka úr umferð.

til óhappaatvika. Í síðara tilvikinu hafi barn hans hleypt hundinum út úr garðinum, án þess að tekið væri eftir því. Lögreglan á Akranesi hefur

„Hins vegar hefur komið til tals að skerpa á þessu þannig, að lögreglu sé ekki einungis heimilt, heldur beri henni að taka svona dýr úr umferð og aflífa þau. Lögregla hefur nú fengið þau tilmæli að hún veiti hundaeftirlitsmanni fulltíngi við að ná dýrinu.“ - jss



ÁGÓÐINN TIL UNGRA Svanur Kristjánsson, formaður Geðhjálpar, og Bernhard Jóhannesson, formaður K-dagsnefndar Kiwanis.

Orkulindum ráðstafað af skynsemi

Ríkisstjórnin ætlar að gera áætlun um hvernig framtíðarskuldbindingum í loftslagsmálum verði mætt, sagði forsætisráðherra í stefnuræðu á Alþingi. Ríkisstjórnin ætlar að lækka skatta á fyrirtæki og einstaklinga á kjörtímabilinu.

Söfnun Kiwanis fyrir geðsjúka: Beina sjónum að ungu fólki

HEILBRIGÐISMÁL Í landssöfnun Kiwanis-hreyfingarinnar, sem hefst á fimmtudag, er sjónum beint að ungu fólki. Kiwanis efnir til landssafnana á þrjú ára fresti og ver söfnunarfénu til geðverndarmála. Kjörorðið nú er Lykill að lífi og er ætlunin að vekja þjóðina til umhugsunar um málefni geðsjúkra og styðja við endurhæfingu þeirra. Markmiðið er að safna 40 milljónum króna og rennur ágóðin til Geðhjálpar, Barna- og unglíngedeildarinnar og Forma. Geðhjálp hyggst styrkja og efla fólk á aldrinum 12-25 ára, BUGL vill gera legudeildarsjúklingum að fá hreyfingu utan deildarinnar og Forma mun efla ráðgjafastarfsemi og koma á fót forvarnafræðslu.

STJÓRNMÁL Ráðstafa verður takmörkuðum orkulindum af skynsemi svo rúm verði fyrir nýja atvinnustarfsemi til að renna enn frekari stöðum undir hagkerfið. Þetta sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra í stefnuræðu sinni á Alþingi í gærkvöldi. Þar sagði hann ríkisstjórnarsamstarf tveggja stærstu stjórnmálaflokka landsins gera það mögulegt að ryðja úr vegi hindrunum og leysa úr læðingi krafta, sem nýttast muni landi og þjóð til heilla. „Fjölmargir aðilar hafa sýnt áhuga á að setja upp orkufreka starfsemi hér á landi og er sá áhugi ekki lengur bundinn við álfyrirtæki. Hann stafar meðal annars af því að við getum boðið upp á vistvæna, endurnýjanlega orku á samkeppnishæfu verði,“ sagði Geir. Hann sagði ríkisstjórnina ætla að efla starf tengt loftslagsmálum á næstunni og gera áætlun um hvernig Ísland geti mætt væntanlegum framtíðarskuldbindingum í loftslagsmálum á sem bestan og hagkvæmasta hátt. Ríkisstjórnin stefnir að því að lækka skatta á kjörtímabilinu. Geir sagði mikilvægt að skapa íslenskum fyrirtækjum þannig grundvöll að þau sjái hag sinn í því að hafa höfuðstöðvar hér á landi, og þar vegi skattalegt umhverfi þungt. Því sé stefnt á lækkan skatta á fyrirtæki. Einnig stefnir ríkisstjórnin á að lækka skattbyrði einstaklinga, og nefndi Geir sérstaklega að persónuafsláttur verði lækkaður, og skattkerfið og almannatryggingar yrðu endurskoðaðar til að bæta hag lágtekjufólks og millitekjufólks.



STEFNURÆÐAN FLUTT Geir H. Haarde forsætisráðherra lýsti stefnumiðum ríkisstjórnarinnar í ræðu á Alþingi í gærkvöldi.

Geir boðaði að svokallað bandormsfrumvarp um breytingar á stjórnarráðinu verði lagt fram á Alþingi á næstu dögum. Mörg verkefni eru fram undan í samgöngumálum. Geir sagði einkafræmleik álitlegan kost í þremur tilvikum; lagningu Sundabrautar, lagningu ganga undir Vaðlaheiði og tvöföldun Suðurlandsvegar. Hann boðaði enn fremur stóraukni eftirlit, fræðslu og áráður gegn akstri undir áhrifum vímuefna, ofsakstri og akstri án bílbelta.

Síðasti sunnudagurinn í maí: Barnið fær dag

FÉLAGSMÁL Dagur barnsins verður haldinn síðasta sunnudag í maí ár hvert eftir. Þessa tillögu Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra samþykkti ríkisstjórnin á fundi í gær-morgun.

Fyrsti dagur barnsins verður haldinn sunnudaginn 25. maí á næsta ári. Tímasetningin er meðal annars talin æskileg þar sem fram undan séu skólalok og upphaf sumarfría. Í tilkynningu frá félagsmálaráðuneytinu segir að dagurinn undirstriki áherslur í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að málefni yngstu kynslóðarinnar séu forgangsmál.

Ný stjórn komið miklu í verk

„Nýr samstarfsvilji stærstu flokkanna, öllum Íslendingum til heilla, var kall tímans og kall almennings í landinu,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar. Hún sagði nýja stjórn hafa komið miklu í verk á fjögurra mánaða líftíma. Hún nefndi aðgerðaáætlun í þágu barna og ungmenna og endurreisn almennatrygginga. Verkefni til að minnka kynbundinn launamun hefði verið ýtt úr vör en útrýma þyrfti biðlistum eftir félagslegu húsnæði. Hún sagði ákvörðun um kvótaniðurskurð hafa verið ábyrga og kvað mótvægisáðgerðirnar þær öflugustu sem nokkur ríkisstjórn hefði ráðist í. Ingibjörg sagði baráttuna gegn loftslagsbreytingu eitt mikilvægasta viðfangsefnið. Greiða þyrfti fyrir alþjóðavæðingu orkuveirans en setja um leið skýrar leikreglur og verja almannahagsmunum. Þá sagði hún eitt brýnasta verkefni stjórnarinnar að ná jafnvægi í efnahagslífinu.



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

25% AFSLÁTTUR

Himinn og haf / SIA - 9071173

Aseta ehf | Tunguháls 17-19 | 110 Reykjavík | sími: 533 1600 | aseta@aseta.is

ASETA
BYGGINGAVORUR BYGGINGATÆKNI

Guðni Ágústsson:

Pensla og vextir ógnir dagsins

Efnahagsmál, atvinnulíf og sjávarútvegs- mál voru meðal þess sem Guðni Ágústsson, formaður Framsóknar- flokksins, talaði um í ræðu sinni á Alþingi í gærkvöldi. Hann sagði ógnir dagsins liggja í verðbólgu, þenslu í atvinnulífinu og himinháum vöxtum. Forsætisráðherra væri værukær og teldi að allt bjargist af sjálfu sér.

Guðni vék einnig að þorskvótamálum og sagði aðförina að sjávarbyggðunum verstu aðgerð ríkisstjórnarinnar. Framsóknar- flokkurinn hefði aldrei fallist á svo harkalegan niðurskurð, heldur farið hægar í sakirnar. „Ráðherrar hafi lokað mótvægisáðgerðum en þegar þær litu dagsins ljós hafi ekki staðið steinn yfir steini nema stór orð – tunnan valt og úr henni allt ofan í djúpa keldu.“

Að lokum sagði Guðni Ísland á framfaravegi. Við þyrftum hins vegar að hemja skepnuna, leita að jafnvægi og þjóðarsátt. Það ætti við um þróun ofurlauna og það ætti við í byggðum þar sem kyrrstaða og samdráttur ríkti.

Steingrímur J. Sigfússon:

Upptaka evru bensín á bálið

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, sagði það rangt sem fram kom í stefnuræðu forsætisráð- herra að pensla væri á undan- haldi hérlandis. „Sjálft fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir þenslu og viðskiptahalla næstu árin og er þó hvorki í forsendum þess gert ráð fyrir neinum stóriðjuframkvæmdum né áhrifum kjarasamninga.“

Steingrímur sagði áætlaða hækkun persónuafsláttar ekki halda í við áætlaða launabróun og að með því væri verið að „læða skattahækkunum aftan að lágtekjufólki“. Sömuleiðis stæði ekki til að gera neitt fyrir aldraða og öryrkja umfram það sem fyrri ríkisstjórn hafði ákveðið.

Hann sagði fiskveiðikerfið hafa brugðist og kallaði eftir þverpólitísku samstarfi um endurskoðun þess. Þá hefðu þeir gleymst í mótvægisáðgerðum vegna kvótaniðurskurðar sem mest þyrftu á aðstoð að halda. Hann sagði að hætta þyrfti við stóriðjuáform til að ná stöðug- leika í efnahagslífi og upptaka evru yrði einungis bensín á það bál.

Guðjón Arnar Kristjánsson:

Hefur áhyggjur af líf skjörum

Stefnuræða forsætisráð- herra var flöt og sagði lítið um stefnu ríkisstjórnar- innar, að mati Guðjóns Arnars Kristjánssonar, formanns Frjálslynda flokksins. Hann sagðist hafa af því miklar áhyggjur að enn frekar dragi í sundur í líf skjörum milli lands- byggðar og höfuðborgarsvæðisins vegna niðurskurðar á þorskvóta. „Í svokölluðum mótvægisáðgerð- um ríkisstjórnar þó viðleitni sé, er alls ekkert sem bætir fyrir þá röngu ákvörðun gagnvart sjávarbyggðum að skera þorskafl- ann niður um 60 þúsund tonn.“

Guðjón sagði það næsta sem virðist blasa við í eignarhaldi auðlinda sé vatnið og orkuréttind- in. Einnig lagði hann til að sérstakur persónuafsláttur yrði tekinn upp svo að þeir sem hafa minni tekjur en 1,8 milljónir í árslaun greiddu ekki skatt.

Að endingu spurði hann hvort þörf hefði verið á kvótaskerðing- unni til að finna rök fyrir því að auka enn á þenslu á Reykjavík- svæðinu og stóriðju þar. „Hvað gengur stjórnarlíðum í raun til? Vilja menn borgríkið?“

Notaðir bílar
100% lán



Nú er tækifærið að eignast Polo

Bjóðum úrval notaðra Volkswagen Polo 1.2, árgerð 2006 á frábærum kjörum

15.990 kr. á mánuði*. Verð 1.130.000 kr.

Vetrardekk fylgja



www.bilathing.is
bilathing@hekla.is
Sími 590 5040

Opið á Kletthálsi 11

BÍLAPING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

Ótakmarkað í alla GSM og heimasíma

JÓNSSON & LEWIS • J.LiS • Ljósmynd Svinní Speight

Heimasími Max Xtra 3.450 kr. á mánuði

Nú getur þú hringt ótakmarkað í alla GSM og heimasíma innanlands, úr heimasíma frá Hive.


Til að fá Heimasíma Max Xtra þarftu líka að vera með internetið hjá Hive (ADSL Max).

Þá ertu með **ótakmarkað niðurhal** og **ótakmörkuð símtöl** í alla GSM síma og alla heimasíma.

ADSL Max og Heimasími Max Xtra kosta **saman 9.840 kr.** á mánuði.

Hringdu í 1817, fáðu þér Hive og lækkaðu símareikning heimilisins.

Hive





Í ÖRUGGUM HÖNDUM Örninn Sigmar hefur notið umönnunar hjá dýralækni í Berlín eftir að hann meiddist á fæti þegar hann varð fyrir skoti á leið sinni frá Þýskalandi til Afríku.

NORDICPHOTOS/AFP

Styrkir veittir úr minningarsjóði frá Stefáníu Guðmundsdóttur:

Þrjár leikkonur hlutu styrkina

FÓLK Elva Ósk Ólafsdóttir, Sigrún Edda Björnsdóttir og Kristbjörg Kjeld hlutu styrk úr minningarsjóði frá Stefáníu Guðmundsdóttur, sem veittur var á mánudagskvöld.

Það var stjórn sjóðsins sem veitti styrkinn í Iðnó í gær, en hana skipa þau Kjartan Borg, Hjörtur Torfason, Þorsteinn Gunnarsson, Jón Viðar Jónsson og Sunna Borg.

Frú Stefánía er talin einn helsti frumkvöðull leiklistar á Íslandi og hefur verið úthlutað úr minningarsjóði hennar frá árinu 1970. Þá hlaut Helga Bachmann styrkinn.

Nú hafa alls 28 hlotið styrk úr sjóðnum.

- þeb



LEIKKONURNAR ÞRJÁR Elva Ósk Ólafsdóttir, Sigrún Edda Björnsdóttir og Kristbjörg Kjeld fengu úthlutað úr minningarsjóðnum í Iðnó á mánudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Forsætisráðherra Breta í Írak:

Þúsund breskir hermenn heim

ÍRAK, AP Írakar munu taka yfir öryggisgæslu í borginni Basra sem að breskt herlið hefur sinnt hingað til. Þúsund breskir hermenn verða kallaðir heim frá Írak fyrir árslok. Þetta kom fram á sameiginlegum blaðamannafundi Gordons Brown, forsætisráðherra Bretlands, og Nouri al-Maliki, forsætisráðherra Íraks, í gær.

„Basra verður eitt þeirra svæða þar sem að íraskar sveitir munu taka yfir öryggisgæslu að fullu,“ sagði al-Maliki.

Brown sagði að frekari ákvarðanir um að minnka í herliði Breta í Írak yrðu teknar á næsta ári.

- sdg

Musharraf nefnir eftirmann:

Reynir að friða óánægjuraddir

PAKISTAN, AP Pervez Musharraf, forseti Pákkistan og yfirmaður hersins, nefndi í gær eftirmann sinn sem yfirmann hersins í tilraun til að auka líkur á endurkjöri sínu í forsetakosningunum á laugarlag.

Talsverð óánægja er í Pákkistan með stöðu Musharrafs sem æðsta yfirmanns hersins eftir að hann reyndi að koma dómara frá völdum í mars.

Musharraf hefur átt í viðræðum við fyrrum forsætisráðherrann Benazir Bhutto til að styrkja pólitískt bakland sitt. Í gær veitti hann Bhutto, sem er hliðholl Bandaríkjunum eins og Musharraf, sakaruppgjöf.

- sdg

Ræddi um markað og evru á aðalfundi fiskverkenda:

Óskhyggjuumræða

ATVINNUMÁL Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra telur að umræðan um að kasta krónunni hafi oftast en ekki einkennst af óskhyggju. Hann segir að hagstjórnarvandinn verði ekki úr sögunni þótt skipt verði um gjaldmiðil heldur þvert á móti hefði þurft að beita gríðarlega hörðum aðgerðum í ríkisfjármálum undanfarna mánuði ef Íslendingar hefðu tekið upp evru.

„Við hefðum örugglega orðið að draga mjög úr útgjöldum ríkisins

til að minnka þensluna hér innanlands sem hefði trúlegast haft áhrif á atvinnustig, laun opinberra starfsmanna og þjónustu hins opinbera með einhverjum hætti,“ segir Einar, í ræðu á aðalfundi Samtaka fiskvinnslustöðva á föstudag auk markaðsmála íslenskra sjávarafurða í kjölfar niðurskurðar á þorskvóta.

Á fundinum greindi Einar jafnframt frá fundi sem hann átti í Lundúnum í júlí með umsvifamestu kaupendur íslenskra sjávarafurða í Bretlandi.

Sagði hann viðbrögð markaðsaðila við ákvörðun um niðurskurð á þorski jákvæð; skilningur ríkti á nauðsyn aðgerðarinnar og þætti til eftirbreytni.

- shá



EINAR K. GUÐFINNSSON



EFTIRLITSÁTAK ER HAFIÐ Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra og Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuálastofnunar, kynntu eftirlitstjórnvalda og verkalyðshreyfingar með skráningu erlendra starfsmanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kannað hvort fyrirtæki fari að lögum

Átak í eftirliti með skráningu erlendra starfsmanna er hafið. Dagsektir eða stöðvun starfsemi bíður fyrirtækja sem ekki veita umbeðnar upplýsingar.

VINNUMARKAÐUR Vinnuálastofnun hefur hleypt af stokkunum eftirlitsátaki með fyrirtækjum vegna erlendra starfsmanna. Átakið mun standa yfir næstu tvo mánuði og ná út um allt land en áhersla verður á fyrirtæki í byggingariðnaði á höfuðborgarsvæðinu.

Sex starfsmenn munu sinna verkfinnu í fullu starfi en fleiri koma að því.

Vinnuálastofnun hefur sent bréf til um 1.600 fyrirtækja og lögáðila á landinu til að minna stjórnendur á skyldu þeirra til að skrá erlenda starfsmenn hjá Vinnuálastofnun. Starfsmenn þjónustuskrifstofa Vinnuálastofnunar munu á næstunni heimsækja fyrirtæki og óska eftir nafnalistum yfir útlendinga.

Komi eitthvað athugasemdir í ljós eða skráningu er ábótavant verður fyrirtækjunum veittur tíu daga frestur til að lagfæra skráninguna og afhenda ráðningarsamninga og þjónustusamninga en talið er að minnst 1.700 erlendir starfsmenn séu starfandi hér á landi án þess að

vera rétt skráðir. Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra segir að verulegur árangur hafi náðst frá því átakið var boðað. Skráningar hafi að meðaltali verið 400-500 á mánuði frá ársbyrjun en verið 1.200 í september.

Ef grunur er um brot á gildandi kjarasamningi mun Vinnuálastofnun afhenda hlutadeigandi stéttarfélagi ráðningarsamninga starfsmanna, óski það eftir þeim. Afhendi fyrirtæki ekki trúnaðarmönnum eða stéttarfélagi umbeðnar upplýsingar getur Vinnuálastofnun óskað eftir þeim. Stofnunin mun afhenda yfirvöldum upplýsingar sem gefa til kynna lögbrot.

Verði fyrirtæki ekki við skráningu, afhendingu gagna eða miðlun upplýsinga mun stofnunin beita dagsektum eða stöðva starfsemina tímabundið.

Átakið ber heitið Allt í ljós og er unnið í samvinnu við félagsmálaráðuneytið og ASÍ. Upplýsingar má senda á alltiljos@vmst.is eða hringja í upplýsingasíma 515 4885.

ghs@frettabladid.is

Samkeppniseftirlitið um samruna fraktflugfélaga:

Skilyrðin verða ekki felld niður

SAMKEPPNI Ekki eru forsendur fyrir því að fella niður skilyrði sem sett voru við samruna Bláfugls, Flugflutninga og FL Group. Icelandair er nú komið í stað FL Group.


Þetta er mat Samkeppniseftirlitsins en þau skilyrði voru sett við samrunanum að viðskiptalegt

sjálfstæði Bláfugls og Flugflutninga svo samkeppni gæti blómstrað á milli þeirra og Flugleida-Frakt, sem einnig sinnir fragtflutningum til og frá Íslandi.

Samkeppniseftirlitið hefur jafnframt til skoðunar hvort fyrrnefnd skilyrði hafi verið brotin.



- mh

Ostborgara Tilboð!



aðeins
490

Ostborgari, franskar, 0.5L

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

AJ | ARMANI
JEANS

FINUCCI
collezione

Benvenuto.

LLOYD

REDGREEN

BELLINI
collezione

bugatti

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17



Herra
Tagewinn
outlet

Frábær tilboð!

BELLINI
collezione

Jakkaföt

19.980

VERÐ ÁÐUR ~~44.980~~

ALLAR STÆRÐIR - MARGAR GERÐIR

BELLINI
collezione

Leðurjakkar

19.980

VERÐ ÁÐUR ~~44.980~~

ALLAR STÆRÐIR

ATH: OPIÐ ALLA SUNNUDAGA Í VETUR

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)

HVÍTT ER LITURINN



ÞEGAR VANDA SKAL VALIÐ HLÝTUR
AÐ KOMA UPP Í HUGANN

SAMSUNG

19" LCD sjónvarpstæki

Samsung LE19R71BX

12,8 milljarðar lita
Upplausn: 1440 x 900
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 2000:1
Mynd í mynd (1 tuner)
HDMI, Component, SCART x 2,
Einnig fáanlegt svart

64.900,- kr.

32" LCD sjónvarpstæki

Samsung LE40R32WDX

Digital sjónvarpsmóttakari
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 8000:1
Mynd í mynd (1 tuner)
3 HDMI, Component
SCART x 2,
Einnig fáanlegt svart

149.900,- kr.

40" LCD sjónvarpstæki

Samsung LE40R86WDX

Digital sjónvarpsmóttakari
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Contrast: 8000:1
Sjónsvið: 178°/178°
Mynd í mynd (1 tuner)
3 HDMI, Component
SCART x 2,
Einnig fáanlegt svart

249.900,- kr.

TOPP GÆÐI Á FRÁBÆRU VERÐI – Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum.



ORMSSON

ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON
SÍÐUMÚLA 9	SMÁRALIND	KEFLAVÍK	MODEL-AKRANESI	PRISTUR-ÍSAFIRÐI	RADIONAUST-AKUREYRI	VÍK-EGILSSTÖÐUM	VÍK-NESKAUPSTAÐ	VÍK-REYÐARFIRÐI	ÁRVIRKINN-SELFOSSI	HÚSAVÍK
SÍMI 530 2800	SÍMI 530 2900	SÍMI 421 1535	SÍMI 431 3333	SÍMI 456 4751	SÍMI 461 5000	SÍMI 471 2038	SÍMI 477 1900	SÍMI 474 1477	SÍMI 480 1160	SÍMI 464 1515

TILBOÐ!



WLU 151 Hvítt háglans 115x48 Verð stgr. **49.900,-**

BAÐ

INNRETTINGAR



WLU 700



WLU 900



WLU 600

2 stærðir af glerskápum
3 gerðir af handlaugaskápum

Vegg glerskápur	900x300x220 sm	10.300,-
Hár glerskápur	1950x400x350 sm	25.700,-
Handlaugaskápur m 2 skúffum og borðplötu 60 sm		43.200,-
Handlaugaskápur m 2 skúffum og borðplötu 70 sm		46.200,-
Handlaugaskápur m 2 skúffum og borðplötu 90 sm		50.800,-



WLU 125
Eik 45x30
Verð stgr. **28.900,-**



WLU 147
Hvítt háglans / Eik 86x48 sm
Verð stgr. **56.900,-**

TILBOÐ!

Kynntu þér tilboðin á heimasíðunni:

www.i-t.is

INNRETTINGAR & TÆKI
www.i-t.is - fyrir þitt heimili



SAKNADARSÖNGVAR

Jökull Jørgensen tónlistarmaður fór til Lissabon til að kynna sér betur fado-tónlist.

FERÐIR 3



KRAFTUR OG ÞÆGINDI

Ford Escape-sportjeppi var reynsluekinn og þótti hann rúm-góður, þægilegur og kraftmikill.

BÍLAR 2

allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sensitive ungbarnalína

Ofnæmisprófuð og mild lína sem er sérstaklega þróuð fyrir viðkvæma húð ungbarna

Ungbarna andlitskrem - Verndar húðina gegn óskilegum áhrifum umhverfis og úrfjólubláum geislum. Sólvarfeni SPF 18, vitamin A&E, Bossakrem - Mykir og verndar bleysuvæðing gegn ertingu, útrostum og þurrki. Byr til verndandi lag á húðina. A&B5 vitamin. Mjög gott á bruna. Bossablauklótur - Handhægir klótar í ferðapökkningu. Hóðlæknisfræðilega prófaðir. Úr 100% trefjum. Alkohól- og lítefnalaustir. Ph gildi 5,5. Ungbarna bábúpa - Sérlega mild og rakagefandi kremþápa "stípulaus". Innihl. A&E vitamin. Ungbarna sjampo - Mild sjampo (tearles). Hefur góðan ilm og gætt hárið silkimjúkt. Ungbarna húðmjólk - Mild og rakagefandi húðmjólk. Inniheldur E&B5 vitamin. Ph gildi 5,5. Ungbarna olía - Mild olía sem mykir og hefur róandi áhrif á húðina. Inniheldur A&E vitamin.



Fæst í apótekum um land allt



GIGTARFÉLAG ÍSLANDS

Gigtarganga - Gigtarfólk - Gigtarganga

4. október verðum við sýnileg

Gengið frá Lækjartorgi upp á Skólavörðuholt undir kjörorðinu: "Gigtin gefur.."

Við stöndum fyrir dugnað, einurð og útsjónarsemi. Úrræði við gigtarsjúkdómum er fjárfesting.

Við erum fleiri og yngri en margur heldur.

- 17:00 - Safnast verður saman á Lækjartorgi
- 17:20 - Upphitun fyrir gönguna
- 17:30 - Gengið upp Bankast. og Skólavörðust. *
- 18:10 - Göngufólk er boðið að hlusta á stutt orgelverk í Hallgrímskirkju

* Hægt er að koma inn í gönguna við Bergstaðastræti.

Verum sýnileg, tökum fjölskylduna með.

Skráning er á skrifstofu Gigtarfélagssins og á Lækjartorgi. Allar frekari upplýsingar er að fá á skrifstofu GÍ í síma 5303600



KAUPPING

Gigtarfélag Íslands



Ásta Davíðsdóttir, landvörður í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli, fór í sjö daga gönguferð um rúmenskar sveitir. Hún skoðaði dulmagnaða hella í Apuseni-fjallgarðinum með færustu hellarannsóknarmönnum Rúmeníu, eftir að Evrópuráðstefnu landvarða lauk í Retezat-Þjóðgarðinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Í nánd við náttúruöflin

Evrópuráðstefnu landvarða lauk í rúmenska Retezat-Þjóðgarðinum fyrir skömmu, en hana sótti Ásta Davíðsdóttir landvörður í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli.

„Ég heillaðist upp úr skónum af Rúmeníu og hélt áfram að ferðast um fjallahéröð og sveitir lands eftir að ráðstefnunni lauk,“ segir Ásta sem undanfarin þrjú ár hefur gegnt landvörslu í Þjóðgarðinum undir Jökli.

„Það einkennir landverði að unna náttúrunni og líða best í námunda við náttúruöflin. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er nýr og margt sem maður getur lagt til í sköpun hans. Landslag hans er fjölbreytt með jökli, hrauni og sjó; og lifandi, enda jökullinn í sjónlínu við höfuðborgina og fljótlegt að renna þangað þegar himinn er bjartur í vesturátt,“ segir Ásta sem hlaut réttindi sem landvörður hjá Umhverfisstofnun.

„Landverðir gera ansi margt en

fjögur orð lýsa því best í hnotskurn: þekking, fræðsla, eftirlit og viðhald. Þannig er það hjá landvörðum um allan heim, þótt sumir þurfi að bera byssu í slíðri sínu og séu í meiri hættu en aðrir. Þjóðgarðar geyma oft hluti sem skipta máli, eins og sjaldgæf dýr og eiturlyf, og landverðir láta oft lífið í viðleitni sinni að bjarga dýrum í útrýmingarhættu frá veiði-Þjófum,“ segir Ásta og nefnir Úganda í því samhengi, þar sem 150 landverðir hafa verið drepnir á síðustu tíu árum.

„Evrópuráðstefnan fór fram í rúmensku borginni Hunedoara, ásamt Retezat-Þjóðgarðinum. Þetta var námsráðstefna sem við sóttum níu íslenskir landverðir og lærðum af Rúmenum í sínu umhverfi. Rúmenar eru örur í skapi, en einstaklega vinalegir, jákvæðir og glaðir. Eftir ráðstefnuna var stefnan tekin á Apuseni-fjallgarðinn þar sem tóku mig upp á arma sína flottustu hellarannsóknarmenn Rúmeníu í stórkostlegum hellum fjallgarðsins. Eftir það gengum við í sjö daga um ægi-

fögur sveitahéruð þar sem tíminn virtist hafa staðið í stað um aldir, konur voru með skuplur og allur búskapur sjálfbær, en þetta hverfur óðum því innanhúss sátu ungmenni sveitarinnar í tölvuleikjum,“ segir Ásta, sem stefnir ótraud á Alþjóðaráðstefnu landvarða í Bólivíu 2009.

„Það kennir manni svo ótal margt að hitta landverði annarra Þjóða og er því reynt að hafa ráðstefnurnar þvers og kruss um heiminn. Landvarðastétt Íslands á undir högg að sækja því hér ríkir það viðhorf að ekki þurfi að passa landið fyrir ferðamönnum allan ársins hring, en það þekktist hvergi í heiminum. Þess vegna endast fæstir landverðir nema stutta stund í starfinu, því enginn lifir á hlutastarfi einu saman. Á Íslandi starfa nær eingöngu konur í landvörslu, en því er oftast öfugt farið annars staðar í veröldinni. Það væri því skemmtilegt ef landvarðarstarf hér yrði í alla staði jafnara því sem gerist annars staðar í heiminum.“

thordis@rettabladid.is

OKTÓBER

Kafbátur mánaðarins

BMIT

...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

6 tommu bátur

kr. 299

Gildir í okt. 2007
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnumáli

SUBWAY



Kraftmikill sportjeppi

Ford Escape hefur fengið nýtt útlit og er kominn með bætta eiginleika á ýmsum sviðum.

Um leið og sest er inn í Ford Escape-sportjeppann finnur maður fyrir einhvers konar ró og friði. Þægileg sætin lagast vel að líkamanum, rúmt fótaþláss gefur góða tilfinningu og ekki sakar að geta rafstíllt bílstjórásætið.

Byrjað var að selja nýju útgáfuna af Ford Escape í vor og hafa orðið töluverðar breytingar á bílnum frá fyrri útgáfum, bæði innan og utan dyra. Þessa hefur verið upp á ytra útlit og má þar meðal annars nefna grillið sem er nokkuð týpískt fyrir Ford þessa dagana, töff og karlmannlegt.

Af breytingum inni í bílnum má til dæmis nefna stöðugleikastýringu, veltivörn, tengi fyrir Ipod og MP3-spilara, loftpúðatjöld í hliðarrúðum að framan og aftan, loftþrýstingsmæli í hjólbörðum, dagljós og geymsluhólf í gólfi farangursrýmis.

Einninn var sjálfskiptur Escape XLT með þriggja lítra bensínvél sem skilar 200 hestöflum og 261 Nm tugi. XLT-útgáfan hefur nokkuð fram yfir XLS-gerðina. Meðal annars fylgir bílnum skriðstillir, litað gler í afturrúðum sem gerir bílinn vissulega nokkuð töffaralegan og aksturstólva með átta víta og útihitamæli. Talsnás á bílstjórúð er sniðugur fyrir veiðimenn og aðra þá sem eru hræddir við að týna bíllyklum á versta tíma.

Ekki er hægt að kvarta undan



Hægt er að stjórna hljóðstyrk og hita með því að ýta á hnappa í stýringu.



Ford Escape XLT með 3 lítra V6 vél skilar 200 hestöflum. Bíllinn er sjálfskiptur með skriðstilli og því einkar þægilegur í ferðalagið og á lengri leiðum.

FRÉTTABLAÐID/GVA

FORD ESCAPE AWD

Vél: 3 lítra V6 bensín
Afl: 200 hð, 261 Nm
Þyngd: 1.588 kg
Uppgefin eyðsla: 11,2 í bl. akstri
Farangursrými: 821 l
Verð: 3.650.000 kr.

kraftinum. Bíllinn vinnur mjög vel úr hestöflunum 200 og sjálfskiptingin er mjúk og skiptir áreynslulaust milli gíra. Í beygjum liggur hann vel og ítrekaðar tilraunir til að spóla urðu að engu. Skiptir þar líklega mestu tölvu-stýrt fjórhjóladrifíð.

Í heildina er Ford Escape því tilvalinn fjölskyldubíll og frábær í ferðalagið, ef frá er talinn einn mikilvægur ókostur. 200 hestafla bensínbíll er ekki hægt að kalla sparneyttinn enda er uppgæfin eyðsla Escape 11,2 í blönduðum akstri.

solveig@frettabladid.is



Með því að fella niður sæti er hægt að fá stærra farangursrými.



2007 útgáfan er gerbreytt frá fyrri útgáfunum bæði að innan sem utan.

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

Bílaþjónusta Magga
Viðgerðarþjónusta - Smurþjónusta - Pústþjónusta - Hjólbarðarþjónusta - Bón og þvottur

TILBOÐ
á umfelgun og jafnvægisstillingu **3.495 kr.**
*tilboðið gildir út 2007

Hvaleyrarbraut 2, Hfj • Sími. 517 0350
Opíð. 9-18 og 9-16 á laugardögum

Er brotið ljós?
Beyglað breytti?
Ónýtur stýrisendi?
Slitnir bremsuklossar?

varahlutir.is
Smíðjuvegi 8 (rauð gata) Kópavogi s: 511-2222

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is

NISSAN SUBARU HONDA
ISUZU OPEL

SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

HEILDARLAUSNIR Í DRIFSKÖFTUM

Landsins mesta úrval af hjöruliðum og drifskaftsvörum
Jafnvægisstillingar

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

Aukin ökuréttind - Meirapróf

Nýlegir kennslubílar

ÖKU SKÓLINN Í MJÖDD

Næsta námskeið hefst 17. október

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300

Bullit endurvakinn

Ford Mustang Steve McQueen úr Bullit endurgerður.

Sjálfsga muna einhverjir eftir því þegar leikarinn Steve McQueen ók um á Ford Mustang í kvikmyndinni Bullit frá árinu 1968. Nú hefur heyrst að Ford hafi í hyggju að hefja framleiðslu Mustang-bíla undir heitinu Bullit.

Lítið er vitað um útlit og innvols bílsins annað en að hann komi til með að vera stílhreinn líkt og bifreið McQueen. Meðal annars laus við loftinntak á vélarhlífinni og væng á skottlokkinu. Það ætti þó að koma fljótlega í ljós þar sem talið er hann verði frumsýndur í Detroit í janúar.

Bíllinn sem McQueen ók var GT-390 Fastback og voru þrjár bifreiðar notaðar við gerð myndarinnar. Talið var að þær hefðu allar eyðilagst eða þar til ein þeirra fannst í hlöðu Ohio River Valley í Kentucky.

Frá þessu er greint á vefsíðu Félags íslenskra bifreiðaeigenda, www.fib.is.



Á FERÐinni

Áhrifin beint í æð

Jökull Jörgensen tónlistarmaður fór til Lissabon til að kynna sér betur fado-tónlist.



„Það hefur lengi verið draumurinn að fara til Lissabon og kynna fado-tónlist, það er að segja sakn- aðarsöngvum sem sjómenn semja til eiginkvenna sinna og er afar heillandi tónlistarform,“ segir tónlistarmaðurinn Jökull Jörgensen, sem tók sér stutta pásu frá spilamennsku með hljómsveitunum Thin Jim and the Castaways og Fabúlu til að fara í frí á Portúgal.

„Lissabon er vagga fado-tónlistar þar sem enn er hægt að upplifa hana í sinni upprunalegu mynd,“ segir hann. „Gamli bærinn er fullur af matsölustöðum þar sem slík tónlist er leikin. Algengt er að þar hangi uppi tveir gítarar sem tónlistarmennirnir grípa til þegar gestir eru sestir að snæðingi.“

Að sögn Jökuls er ekki óalgengt að dyraverðir eða kokkar bregði líka á leik og konurnar hafa það fyrir sig að klæðast svörtu sjali til minningar um frægustu fado-stjörnu Portúgala, Amalia Rodriguez.

„Hún var mjög vinsæl, sérstaklega eftir að fasistastjórn náði völdum í Portúgal kringum 1960 og bannaði fado-tónlist. Hún söng þá á laun eins og fleiri og safnaði fé til að hjálpa pólitískum fögum.“

Jökull hvetur sem flesta til að skella sér í menningarferð til Lissabon.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Jökull segir að fado-tónlist hafi nú verið leyfð aftur í Portúgal en upp úr banninu varð hún þjóðinni enn hjartkærari og setur sterkan svip á Lissabon ásamt byggingastíl, sem er undir sterkum áhrifum frá Mörum.

Hann hvetur sem flesta til að skella sér í menningarferð til borgarinnar, það slái algjörlega út legu á sólarströnd.

roald@frettabladid.is

Auglýsingasími

512 5050



- Mest lesið



GISTING Í HÖRPUHÚSI

Gisting í Kaupmannahöfn

Hús á góðum stað í Kaupmannahöfn til leigu til styttri eða lengri tíma. Frábært gisting fyrir fjölskyldur og smáa hópa – gistaðstaða fyrir allt að 8 manns.

Nánari upplýsingar í síma 822-3890 eða harpa@surprizetravel.is.

Sjá einnig upplýsingar á <http://surprizetravel.is/gistingdk.html>

Bókaðu strax og tryggðu þér lægsta verðið og bestu gistinguna!

Beint morgunflug til Salzburg



Skíðaveisla

í Austurríki - Flachau - Lungau - Zell am See

frá 29.990 kr.*

- 22. des. – 14 daga jólaferð
- 5. jan. – 10 dagar
- 15. jan. – 11 dagar
- 26. jan. – vika
- 2. feb. – vika
- 9. feb. – vika
- 16. feb. – vika
- 23. feb. – vika
- 1. mars – vika

Heimsferðir bjóða beint morgunflug til Salzburgar næsta vetur og þar með tryggjum við þér aðgang að bestu skíðasvæðum Austurríkis, s.s. Flachau, Lungau og Zell am See. Tryggðu þér flugsæti og gistingu á besta verðinu og taktu þátt í skíðaveislu Heimsferða í Austurríki næsta vetur.

Frábær gisting í boði! - Flachau, Lungau og Zell am See



Frábært verð

Kr. 29.990

* Flugsæti með sköttum, fargjald A. Netverð á mann með 10.000 kr. afsl.

Kr. 77.590

– vikuferð með hálfu fæði

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. gistingu í tvíbýli á Skihotel Speiereck í Lungau með hálfu fæði í 7 nætur. Vikuferð 26. janúar eða 1. mars.

Kr. 99.990

– Frábært **** hótél með hálfu fæði

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Unterberghof í Flachau með hálfu fæði í 7 nætur. Vikuferð 26. janúar eða 1. mars.

Vefur Express vann

Heimasíða Iceland Express hlaut 1. verðlaun á heimsráðstefnu lággjaldaflugfélaga, World Low Cost Airlines Congress, sem fram fór nýlega.



Ómar Ólafsson, yfirmaður upplýsingatæknimála Iceland Express, tók við verðlauninum.

ar og hugmyndaauðgi við framsetningu efnis.

Meðal þeirra sem Iceland Express keppti við voru þekkt flugfélög á borð við EasyJet, Ryanair, Southwest og JetBlue.

- gun

KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA

Heimagisting á besta stað í bænum.

Býður alla Íslendinga velkomna.

Geymið auglýsinguna.

www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

NOSE & BLOWS

Ofnæmisprófuð lina sem er sérstaklega hönnuð fyrir kvefaða litla nebb. Mild formúla sem sviður ekki undan.

Nebbaþurrkur og nebbakrem

Blautklútar sem hjálpa til við að hreinsa nefgöngin. Inniheldur rakagefandi B5 vítamín og náttúrulegt mentol til þess að auðvelda öndun. Inniheldur hvorki litarefni né alkohól.

Kremið inniheldur ilmjarnablöndu af piparmyntu og eucalyptus auk noranaheslis sem er mjög graedandi.



Fæst í apótekum um land allt



Klébergsskóli Kjalarnesi

Vegna forfalla vantar okkur kennara í sérkennslu. Um er að ræða 60% starf, en til greina kemur að ráða í hærra stöðuhlutfall. Umsóknarfrestur er til 12. október 2007.

Upplýsingar veita

Björgvin Þór Þórhallsson, skólastjóri,
netfang bjorgvinthor@klebergsskoli.is
(gsm: 6648270) og
Snorri Hauksson, aðstoðarskólastjóri,
netfang snorrih@klebergsskoli.is.
Eða í síma 566-6083.



STARFSMENN ÓSKAST

Lagerstarfsmenn.

Óskast til starfa sem fyrst.

Lyftararéttindi æskileg.

Áhugasamir sendi inn umsókn á

hjortur@plastprent.is

eða hafið samband við Hjört í síma 566 8302



Plastprent hf.

Fosshálsi 17-25 • Sími 580 5600



Plastprent hf. er leiðandi fyrirtæki í umbúðaiðnaði á Íslandi og hefur í 50 ár þjónað öllum sviðum atvinnulífsins. Hjá fyrirtækinu starfa 120 starfsmenn sem þjóna viðskiptavinum bæði innanlands og erlendis. Plastprent hf. hefur vottað gæðakerfi samkvæmt ISO 9002 og BRC stöðlum. Plastprent er einnig með starfsemi erlendis þar sem starfa um 250 starfsmenn.

FUNDIR / MANNFAGNAÐIR

Dagforeldrar í Reykjavík Fundarboð

Barnavistun, félag dagforeldra í Reykjavík mun halda áriðandi félagsfund, fimmtudaginn 4. okt. nk. kl. 20.00 að Laugaborg, Laugalæk.

Félagsskírteini sýnist við innganginn.
Sýnum samstöðu og mætum öll.

Stjórn Barnavistunar



Framhaldsskólanemar með ADHD

ADHD samtökin halda fræðslufund í Safnaðarheimili Háteigskirkju fimmtudag 4. okt. kl. 20.

Fyrirlesari er Sigrún Harðardóttir, kennari, félagsráðgjafi og námsráðgjafi í Menntaskólanum á Egilsstöðum.

Allir velkomnir.

Rafvirki

Rafvirki óskast til starfa hjá Norðuráli á Grundartanga. Um framtíðarstarf er að ræða og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Hvers væntum við?

Við leitum að rafvirkja með sveinspróf.

Aðrir áherslupættir:

- Góð samskiptahæfni og starfsáhugi
- Geta til að vinna sjálfstætt og útsjónarsemi
- Reynsla af vinnu í iðnaðarumhverfi eða við sambærileg störf er æskileg
- Kunnátta í ensku og almennri tölvunotkun kemur í góðar þarfir

Hvað veitum við?

Við bjóðum þér gefandi starf hjá nútímalegu fyrirtæki. Þú vinnur mikilvæg verk með góðu samstarfsfólki og við tökum vel á móti þér. Verkefni rafvirkja eru fjölbreytt og felast m.a. í viðhaldi, bilanaleit, endurnýjun og endurbótum á rafbúnaði Norðuráls.

Aðstaða:

- Góður aðbúnaður og mótuneyti á staðnum
- Starfsþjálfun og símenntun
- Atvinnuöryggi, traustar tekjur og laun

Norðurál

Norðurál er eftirsóttur vinnustaður. Starfsmenn eru á fimmta hundrað talsins, verkefni margvísleg og störfin fjölbreytt. Hjú fyrirtækinu starfa m.a. verkfræðingar, tæknifræðingar, viðskiptafræðingar, sálfræðingar, efnifræðingar, eðlisfræðingar, líffræðingar, tölvunarfræðingar, rafvirkjar, rafstöðumenn, vélvirkjar og vélstjórar, auk ófaglærða starfsmanna sem öðlast dýrmæta sérhæfingu við störf sín og nám hjá fyrirtækinu.

að hluta árangurstengd

- Fyrirtækið greiðir þér aukið framlag í lífeyrissjóð

Jafnrétti

Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna til að starfa hjá Norðuráli.

Trúnaður

Farið verður með umsókn þína og allar persónulegar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Hvernig sækir þú um?

Vinsamlega sendu okkur umsókn þína fyrir 12. október n.k. Þú getur sótt um á vef fyrirtækisins, www.nordural.is, sent umsókn þína á netfangið umsokn@nordural.is eða póstlagt umsóknina, merktá: Rafvirki.

Upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Skúli Skúlason, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs, og Lárus Hjaltested, yfirvaktstjóri kerskála, í síma 430 1000.



Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is

TILKYNNINGAR



Auglýsing um skipulag í Kópavogi.

Vatnsendahvarf - Athafnasvæði. Svæði IV. Breytt skipulag. Óveruleg breyting á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 - 2024.

Svæðisskipulagsbreytingin grundvallast á fyrirhugaðri breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000 - 2012 hvað varðar landnotkun í Vatnsendahvarfi ofan Tónahvarfs. Breytingin felur í sér að opið svæði verður eftri breytingu skilgreint sem byggðarreitur fyrir blandaða byggð, verslunar-, þjónustu- og athafnasvæðis. Í tillögnum felst að tölum um stærð atvinnuhúsnæðis, eins og þær eru birtar í töflu 3.2 á bis. 48 í greinargerð Svæðisskipulagsins breytast, þannig að heildarstærð atvinnuhúsnæðis í Kópavogi (svæði 16) stækkar um 13.000 m² árið 2024. Tillagan er sett fram á uppdráttum, töflum og greinargerð dags. 10. september 2007. Í samræmi við 14. gr. skipulags- og byggingarlaga hefur umrædd breyting verið kynnt þeim sveitarstjórnnum sem stóðu að gerð svæðisskipulagsins. Tillagan verður send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu. Nánar vísast til kynningargagna.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

5125050

Auglýsingasími



- Mest lesið

101 REYKJAVÍK
FASTEIGNASALA
 Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

Veghús 5 - 112 Reykjavík
OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 18-19




Mjög falleg íbúð á jarðhæð með sérgarði og verönd. Glæsileg 3ja herb. íbúð á jarðh. m. sérgarði. Forst. með skápum, flisar. Pv.hús og geymsla. Eldhús með hvítum innréttingum, flisar á gólf, gengt þaðan út í garðinn. Stofa og borðst. m. parketi. Baðh. m. baðkari mvsturtu, gluggi, flisar. 2 svefnh., dúkur. Sam. hjóla- og vagnageymsla. **V. 22,5 millj. (5103) EIGNIN GETUR LOSNAÐ FLJÓTLEGA.**

Jenny tekur vel á móti ykkur í dag milli kl. 18-19.
 Leifur Aðalsteinsson Löggildur fasteignasali.

heimili
FASTEIGNASALA
 Sími 530 6500
 Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

ÁNALAND 2 - 108 REYKJAVÍK



Fallegt 263,4 fm einbýli á besta stað vestan megin í Fossvoginum, byggt 1983. Góð aðkoma. Bílastæði malbikuð. Skjól-góður garður í góðri rækt með verönd. Hiiti í plani og stéttum. Stutt í margvíslega þjónustu. Neðri hæð: Innbyggður bílskúr, forstofa, hol, stofa, borðstofa, sólstofa, eldhús, herbergi og baðherbergi. Efri hæð: Þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og sjónvarpshol. Stórt geymsluloft er yfir hluta efri hæðar. Öll svefnherbergin eru stór og rúmgóð. Parket og flisar á gólfum. Gott viðhald á eigninni í gegnum tíðina. **Verð 79,9 millj.**

Nánari uppl. veitir Gústaf Adolf í síma 895 7205.

Þjónusta ofar öllu **RE/MAX**
 Fasteignir

ATH VIÐ SELJUM ALLA DAGA !

HRINGDU NÚNA
699 6165

BÓAS & GUNNAR



Bóas
Sölufulltrúi
699 6165
boas@remax.is



Gunnar
Sölufulltrúi
899 0800
go@remax.is



Stefán Páll
Löggiltur
Fasteignasali

5125050
 Auglýsingasími

- Mest lesið

Ölduslóð 41
 220 Hafnarfjörður
 Möguleikar á leigutekjum !

Stærð: 274,3 fm
 Fjöldi herbergja: 9
 Byggingarár: 1982
 Brunabótamat: 35.750.000
 Bílskúr: Já

RE/MAX Lind

Páll Guðmundsson
 Sölufulltrúi
 861 9300
 palb@remax.is

Gyfi Gyfason
 Sölufulltrúi
 693 4085
 gyfi@remax.is

Pórarinn Jónsson
 Lögg. fast. hdl.
 thorarinn@remax.is

Fimmtudaginn 4/10 á milli 18-18:30 Verð: 53.500.000

Glæsilegt 242 fm raðhús á þremur hæðum ásamt 32,3 fm bílskúr og 2ja herbergja íbúð á jarðhæð samtals 274,3 fm á frábærum útsýnisstað í suðurhæð Hafnarfjarðar. Húsið skiptist í forstofu, gestasnyrtingu, hol, stofu, arinnstofu, eldhús, þvottahús og svefnherbergi. Á efri hæð eru þrjú barnaherbergi, hjónaherbergi og baðherbergi. Á jarðhæð er 2ja herbergja íbúð sem skiptist í forstofu, eldhús sem opnast inni stofu, herbergi, geymslu og þvottahús.

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is

Fannahvarf 4
 Kópavogur
 Flott eign á góðum stað !

Stærð: 107 fm
 Fjöldi herbergja: 4
 Byggingarár: 2005
 Brunabótamat: 18.250.000
 Bílskúr: Nei

RE/MAX Lind

Páll Guðmundsson
 Sölufulltrúi
 861 9300
 palb@remax.is

Gyfi Gyfason
 Sölufulltrúi
 693 4085
 gyfi@remax.is

Pórarinn Jónsson
 Lögg. fast. hdl.
 thorarinn@remax.is

Fimmtudaginn 4/10 á milli 19 og 19:30 Verð: 31.900.000

RE/MAX LIND kynnr sérlega glæsilega eign á vinsælum stað við Elliðavatn. Komið er inn í forstofu með náttúruflisum á gólf og góðum skáp. Þvottahús og geymsla er innan íbúðar og eru flisar á gólf þar. Þrjú svefnherbergi eru í íbúðinni og eru öll með skápum og parketi á gólfum (hlynur). Eldhúsið er með náttúruflisum á gólf og fallegri eikarinnréttingu. Baðherbergið er glæsilegt með upphengdu wc sturtu og baði. Útgengt er úr stofu á hellulagða verönd með skjólveggi.

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is

Lækjarbraut 4 - Hvalfjörður
 270 Mosfellsbær
 Óðalssetur rétt við Meðalfellsvatn

Stærð: 347,2 fm
 Fjöldi herbergja: 6
 Byggingarár: 2004
 Brunabótamat: 42.750.000
 Bílskúr: Já

RE/MAX Lind

Hilmar Jónasson
 Sölufulltrúi
 695 9500
 hj@remax.is

Sigurður Bragason
 Sölufulltrúi
 663 3300
 sb@remax.is

Pórarinn Jónsson
 Lögg. fast. hdl.
 thorarinn@remax.is

Bókið skoðun í síma 663-3300 Verð: tilboð

GLÆSILEGT SVETASETUR ásamt hesthúsi á frábærum stað í Hvalfirði, rétt við Meðalfellsvatn. Einungis 15 mínútna akstur frá Mosfellsbæ. Húsið stendur á 2,2 hektara eignarlandi með stórkostlegu útsýni yfir fjórðinn. Neðri hæð skiptist í stóra stofu, borðstofu/sólstofu með falllegu útsýni, stórt opið fjölskylduherbergi, stórt eldhús með falllegri hvítakáðri innréttingu með miklum gjerskápum og góðum borðkrók, rúmgott þvottahús og inn af því er búr, anddyri, og gestasalemi með sturtuklefa. Öll neðri hæðin er með flisum á gólf. Efri hæð skiptist í 2 stór barnaherbergi, baðherbergi með nuddhombakari, innréttingu og vegghengdu salemi, stórt hjónaherbergi, opið sjónvarpsými og stórt fataherbergi. Öll efri hæðin er með parketi á gólf nema baðherbergi sem er flisalagt í hólf og gólf. Miklar geymslur eru undir söðum beggja megin. Bílskúrin er tvöfaldur með stóru innréttaðu risilofti (ekki inn í fermetráðu). Við húsið er 55,2 fm hesthús sem ætlað er fyrir 6 hesta, hnakkageymslu og hiðvíð (stækkunarmöguleikar). Fjölmargin reiðstígar eru í nágrenni við húsið og fallegt umhverfi. Bórnur er ekið til og frá skóla með skólabíl.

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is

Kvistavellir 55 og 57
 221 Hafnarfjörður
 Góð kaup!

Stærð: 185,7 fm
 Fjöldi herbergja: 0
 Byggingarár: 2007
 Brunabótamat: 0
 Bílskúr: Já

RE/MAX Lind

Páll Guðmundsson
 Sölufulltrúi
 861 9300
 palb@remax.is

Gyfi Gyfason
 Sölufulltrúi
 693 4085
 gyfi@remax.is

Pórarinn Jónsson
 Lögg. fast. hdl.
 thorarinn@remax.is

Miðvikudagur 3/10 á milli 18 og 18:30 Verð: 27.900.000

Einastaklega fallegt og vel skipulagt raðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Húsið verður afhent fullbúið að utan, rúmlega fókheld að innan og er þá verið 27,9. Lóð verður tyrft og innkeyrsla hellulögð og með sryðbræðslu. (+600 þúsund). Einnig er möguleiki að fá húsið tilbúið til innréttinga að innan með hlíðnum milliveggjum. Verð þannig 34,5 milljónir. Vandaðir gluggar og hurðir. Góð loftþétt er í húsinu. Möguleiki á að hafa gólfhita. Eignin er til afhendingar strax fókheld, en kaupendur geta enn haft áhrif á innra skipulag húsanna þar sem ekki er búið að hláða milliveggi. Hér eru að gera góð kaup. Endaraðhús selst á 28.900.000

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is

2 Tvöfaldur pottur

110

I. vinningur

+ 90

200 MILLJÓNIR

Bónus-
vinningur
28
milljónir

RISA BÓNUSPOTTUR!

Potturinn stefnir í 110 milljónir. Ofurpotturinn stefnir í 90 milljónir og bónusvinningurinn í 28 milljónir og hefur aldrei verið hærrí. Ekki gleyma að vera með, nældu þér í áskrift.

Fáðu þér miða fyrir kl. 16 í dag eða taktu séns á að missa af þessu!

V Í K I N G A
LOTTO

Alltaf á miðvikudögum!

STUÐ MILLI STRÍÐA Lokaðar bækur og fótboltaþrækur

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR SNÝR VÖRN Í SÓKN



Íþróttir eru mér til-
tölulega lokuð bók.
Eins og ein af
þessum litlu dag-
bókum sem eru
læstar með litlum
lykli. Eða kannski
hreinlega eins og
geymsluskúr, sem er
læst með hengilás. Byrjum aftur.
Íþróttir eru mér harðlæstur
geymsluskúr með vígalegum slag-
brandi fyrir. Þetta sannaði ég um
daginn með röð spurninga sem
þóttu leiða í ljós eindæma fávísku
á sviði fótbolta.

Það er kannski ekki svo slæmt í
sjálfu sér. Sambýlingurinn fyrir-
gefur mér þetta til dæmis alveg og
í staðinn fellst ég stundum á, af

einskærri fórnfýsi, að horfa á for-
múluna með honum. Þar fyrir utan
kem ég ekki nálægt hefðbundnum
íþróttum og það eina sem ég get
hugsað mér að horfa á á Sýn er
póker.

Að vita ekkert um fótbolta þykir
hinn versti glæpur. Ég hef verið
haldin nógu mikilli minnimáttar-
kennd yfir vanþekkingu minni
síðustu ár til að kynna mér rang-
stöðuregluna, en þar tekur fótbolta-
víska mín líka enda, fólk til mikils
ama. Ekki þekki ég andlit íþróttar-
fréttamanna sérlega vel heldur, þar
sem að ég stend yfirleitt upp úr
sófanum á sama tíma og íþróttar-
fréttir byrja. Ég hef svo margt
skemmtilegra við tíma minn að
gera. Eins og að hreinsa út úr

ísskápnum eða skipta á rúminu. Eða
horfa upp í loftið. Ég veit hins vegar
ekki af hverju það ergir fólk svona
óskaplega að ég viti ekkert hvaða
deild er hvað, hvað íþróttarfrétta-
menn heita eða af hverju maðurinn
þarna í kantinum á vellinum er allt-
af að veifa einhverjum fána. Ekki
hef ég gert kröfu um að fólk sé vel
að sér í balletfrönsku hingað til.

Ég ætla hins vegar að snúa vörn í
sókn (sko, svo mikið kann ég af fót-
bolta-lingói) á næstu dögum og nota
eins mörg ballettorð og ég get
mögulega rifjað upp. Svo ætla ég að
hneykslast óspart á skilningsleysi
viðmælenda minna. Hvað meinarðu,
veistu ekki hvað arabesque er?
Chassé? Port de bras? Fylgstu ekki
með? Dísöss.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Sprenghitilboð

Keyptu sófasett og fáðu sófaborð í kaupbæti*

*Ef keypt er eitthvað af eftirfarandi sófasettum fylgir sófaborð að eigin vali að verðmæti allt að 40.000 kr. með í kaupbæti.

Einungis fánlegt í Smáralind og á markaði Hagkaupa Akureyri



144.000_{kr}
GOTT VERÐ

Hornsófi 2+h+2 Roma



164.000_{kr}
GOTT VERÐ

Leður tungusófi 2+t 8027



239.000_{kr}
GOTT VERÐ

Hornsófi 2+h+2 6689



219.000_{kr}
GOTT VERÐ

Leðursófasett 3+1+1 Dany



204.000_{kr}
GOTT VERÐ

Leðursófasett 3+1+1 Nice



199.000_{kr}
GOTT VERÐ

Leðursófasett 3+1+1 8181



199.000_{kr}
GOTT VERÐ

Leðursófasett 3+1+1 8183



156.000_{kr}
GOTT VERÐ

Púðahornsófi 2+h+2 Paris



149.000_{kr}
GOTT VERÐ

Tunguhornsófi 2+h+t 8922



249.900_{kr}
GOTT VERÐ

Leðursófasett 3+1+1 8189F



199.000_{kr}
GOTT VERÐ

Leðursófasett 3+1+1 8185



158.400_{kr}
GOTT VERÐ

Bycastsófasett 3+1+1 Roma

Gildir til 9. október eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Vegna gífurlegra vinsælda - aukasýningar í Rvk
 25. Okt. - ÓPERAN REYKJAVÍK kl. 20.00
 26. Okt. - ÓPERAN REYKJAVÍK kl. 20.00
 27. Okt. - ÓPERAN REYKJAVÍK kl. 19.00
 1. Nov. ÓPERAN REYKJAVÍK kl. 20.00
 2. Nov. ÓPERAN REYKJAVÍK kl. 20.00
 3. Nov. ÓPERAN REYKJAVÍK kl. 19.00
 Miðasala daglega í Óperan! í síma 511 4200
 04 kl. 14 (8 og 1 veiddi.is)



Pabbinn
 PABBINN Á TÖR UM LANDIÐ - ALLAR UPPLÝTUNGAR WWW.PABBINN.IS

mid.is
 THORSSON

ARIADNE
 ARIADNE eftir Richard Strauss
 FRUMSÝNING 4. OKTÓBER KL. 20 uppselt
 2. sýn: Laugardaginn 6. október ófá sæti laus
 3. sýn: Miðvikudaginn 10. október laus sæti
 4. sýn: Föstudaginn 12. október laus sæti
 5. sýn: Sunnudaginn 14. október laus sæti
 Lokasýning: Föstudaginn 19. október laus sæti

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
 Símasala kl. 10-18 þriðjudega - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

SÝNINGAR Í AUSTURBÆ

BLINDA KINDIN eftir Elísabetu Jökulsdóttur
 Næstu sýningar: 6/10 - 13/10 og 20/10

SÖNGLEIKURINN ÖSKUBUSKA
 eftir Agnar Jón Egilsson. Tónlist: Hallur Ingólfsson
 Næstu sýningar: 6/10 - 13/10 og 20/10

SPRENGJUHÖLLIN
 Útgáfutónleikar 12/10

Miðasala í síma 551 4700 og á midi.is

AUSTURBÆR

5125050
 Auglýsingasími

Á svörtum vængjum

Tveggja manna tal er býsna þröngt leikrænt form. Þó hafa mörg slík verk ratað á fjalirnar hér á landi í manna minnum og náð verulegum vinsældum áhorfenda. Á laugardag frumsýna stöllurnar í Kvenféluginu Garpi í Hafnarfjarðarleikhúsinu eitt slíkt: Svartur fugl heitir það eða Blackbird.

Verkið vakti mikla athygli á Edinborgarhátíðinni fyrir tveimur árum, einkum fyrir þá sök að þýski leikstjórinn Peter Stein valdi það til sviðsetningar. Hann er þekktari fyrir stórar sýningar á sígildum textum, raunar er Svartur fugl fyrsta samtímaverk sem þessi virtasti leikhúsmáður Evrópu setur á svið um langt árabíl. Höfundurinn var að auki frekar lítt þekktur, þó heimamenn könnuðust við verk hans. Hann kom fram fyrir tólf árum og átti að baki fjögur verk, auk leikgerða á verkum annarra höfunda. Sviðsetningin á Svörtum fugli í Edinborg vakti á honum alþjóðaathygli. Sýningin var flutt til London og hlaut ýmsan sóma og mikla aðsókn.

Sögufernið er enda í brennidepli: karl og kona áttu í sambandi fyrir fimmtán árum, þá var konan barn, en maðurinn ungur, nú er hún fullþroska kona og hann kominn á miðjan aldur. Eins og segir í kynningu Kvenfélagsins: „Nú hefur hún



fundið hann á ný...“ Það er skoskur leikstjóri sem er hingað kominn til að setja verkið á svið, Graeme Maley, og hannar einnig sviðsmyndina. Sólveig Guðmundsdóttir fer með hlutverk stúlkunnar og Pálmi Gestsson leikur karlmanninn. Verkið er ekki við hæfi barna og er flutt í stríklotu. Hávar Sigurjónsson þýðir.

Þetta er þrettánda starfsár Hafnarfjarðarleikhússins sem í upphafi kallaði sig Hermóð og Háðvöru. Þar hafa Hilmar Jónsson leikstjóri og Erling Jóhannesson ráðið ríkjum. Þeir reka húsið fyrir styrk frá ríki og Hafnarfjarðarbæ. Hefur gamalt verkstæði verið gert að leikhúsi með höfðinglegu framlagi Hafnarfjarðarbæjar, en þar hafa menn tilfinningu fyrir sögunni: Í

Hafnarfirði var um langt skeið rekið metnaðarfullt áhugamanna-starf. Starfræksla leikhúss þar er bæjarfélaginu metnaðarmál. Dagsskrá á þrettánda árinu er líka metnaðarfull. Hávar Sigurjónsson hefur skrifað nýtt verk fyrir leikhúsið sem fer brátt í æfingu og enn er gangur í Abbababb, fjölskylduleiknum sem kom á fjalirnar í fyrravetur. Sýningar eru orðnar tuttugu og þrjár.

Kvenfélagið Garpur er samstarfshópur ungra leikkvenna og hefur verið að um fárra ára skeið en þó komið þremur sýningum á svið. Þær hafa einkum áhuga á stöðu kvenna í hinu dramatíska formi.

Sýningar á Svartfugli verða í boði í Hafnarfirðinum fram eftir hausti. pbb@frettabladid.is

Nútíminn málaður

Áhugaverð myndlistarsýning opnar á fimmtudag í Hayward Gallery í London, en þar má líta ljósmyndir túlkaðar í málverkum.

Á sýningunni má sjá 100 verk eftir 22 málara sem eiga það sameiginlegt að hafa á sjöunda áratug síðustu aldar gert uppreisn gegn óhlutbundinni myndlist og kosið að mála raunsæjar myndir af samtíma sínum. Á meðal listamanna á sýningunni eru Andy Warhol og Gerhard Richter.

Málverkin á sýningunni eiga sér öll fyrirmyndir í ljósmyndum. Listamennirnir fundu myndefni sín í tímaritum, dagblöðum og auglýsingum. Þeir endurtúkuðu ljósmyndirnar síðan í málverkum sínum á mis-raunsæjan hátt.

Sýningunni er ætlað að varpa ljósi á hvernig myndlistarmenn hafa brugðist við ljósmyndataekningu. Á sínum tíma þótti líklegt að ljósmyndataekningin markaði endalok málralistarinnar. Þrátt fyrir



RAUNSAEI Málverkið At Luciano's House eftir Franz Gertsch.

að sá spádómur hafi ekki ræst hafa myndlistarmenn tuttugustu aldarinnar fundið innblástur í miðlun ljósmyndarinnar á umheiminum. Má líta hluta af þeim verkum sem hlutast af á sýningunni í Hayward Gallery. - vþ

Þjóðleg stemning

Hádegistónleikaröð Hafnarborgar, menningar- og listastofnunar Hafnarfjarðar, fer af stað að nýju á morgun.

Tónleikarnir standa yfir í um hálfra klukkustund og eru sérstaklega hugsaðir sem tækifæri fyrir fólk sem starfar í miðbæ Hafnarfjarðar til að njóta góðrar tónlistar í hádegishléi.

Frá upphafi hefur Antonía Hevesi píanóleikari verið listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar og velur hún þá listamenn sem fram koma á tónleikunum. Að þessu sinni er það Hanna Björk Guðjónsdóttir sópran sem er gestur hádegistónleikanna.

Hanna Björk hefur komið fram sem einsöngvari við ýmis tækifæri þó einkum við kirkjulegar athafnir og sem einsöngvari með kórum.

Antonía Hevesi hefur haldið marga tónleika sem orgelleikari og píanómeðleikari í fjölda landa. Antonía starfar nú sem orgel- og píanómeðleikari og æfingarpíanisti við Íslensku óperuna.

Yfirskrift tónleikanna að þessu sinni er Íslenskt - Já takk.



VIÐ ÆFINGAR Hanna Björk og Antonía æfa dagskrána sem heyrir má á tónleikunum á morgun. [FRÉTTABLAÐIÐ/GVA](mailto:pbb@frettabladid.is)

Antonía segir dagskrá tónleikanna samanstanda af íslenskum sönglögum sem flestir ættu að kannast við.

„Við munum reyna að hafa yfirbragð tónleikanna sem íslenskast að þessu sinni. Tónlistin verður öll íslensk, og ég er að suða í Hönnu Björk að koma fram í peysufötum til þess að hafa þetta sem þjóðlegast,“ segir Antonía og hlær.

Tónleikarnir hefjast á morgun kl. 12 og er enginn aðgangseyrir. - vþ



Gilles Trapp
 Fíðuleikari
 21. aldarinnar

Einn skemmtilegasti og athyglisverðasti fíðuleikari samtímans
 - The Strad Magazine

Íslenska kammersveitin / Bardukha / Hjörleifur Valsson

Ísafjarðarkirkja 3. október kl. 20.00

Akureyrarkirkja 4. október kl. 19.30

Grafarvogskirkja 7. október kl. 16.00 og 20.00

Miðasala við innganginn. Forsala aðgöngumiða í Reykjavík á midi.is

Sjóvá styrkir tónleikana, en allur aðgangseyrir af tónleikunum í Reykjavík mun renna til UNIFEM á Íslandi.



SJÓVÁ

Tilprif og týndur hestur

Listahópurinn MOMS opnaði fyrir helgi nýja sýningu sem ber heitið „Tilprif“. Sýningin er í Gallery Lost Horse sem er til húsa í Skólástræti 1.

MOMS eru þeir Friðrik Svanur Sigurðarson, kallaður Morri, Guðmundur Hallgrímsson, kallaður Mundi, og Bandaríkjamadurinn Schuyler Jack Maehl.

Hópurinn hefur áður unnið verk í fjölbreytta miðla, en að þessu sinni sýna þeir myndir á vegg. Morri segir myndirnar endurspegla ólíkan bakgrunn þeirra félaga. „Verkin á sýningunni eru teikningar sem við höfum unnið saman. Við höfum hver sína nálgun við myndlistina og þessar ólíku aðferðir okkar skila sér svo í myndunum sem við gerum saman;



OFHLAÐIN LIST Myndir á sýningu MOMS í Gallery Lost Horse. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

í þeim úir og grúir af ólíkri tækni. Þær eiga það helst sameiginlegt að myndflöturinn er algerlega ofhlaðinn upplýsingum.“

Það er nóg um að vera hjá MOMS í nánustu framtíð. „Fljótlega eftir opnun sýningarinnar í Gallery Lost Horse höldum við til

Írlands þar sem við tökum þátt í listahátíðinni „Artisit?“. Seinna í mánuðinum verðum við með verk á Sequences-hátíðinni hér í Reykjavík og í nóvember höldum við til Parísar þar sem við komum til með að vinna að uppsetningu sýningar í Nútímalistasafni Parísarborgar ásamt austurríska listahópnum Gelitin“ segir Morri.

Gallery Lost Horse opnaði 29. ágúst síðastliðinn. Galleríið kemur til með að leggja áherslu á samtímalist og að vera vettvangur sýninga fyrir grasrót íslenskrar myndlistar.

Nánari upplýsingar um MOMS má finna á www.moms.ms og upplýsingar um Gallery Lost Horse má nálgast á www.this.is/subaqua.
vigdis@frettabladid.is



**KÍNVERSK
ÞJÓÐLAGA-
SÖNGSKEMMTUN
Í SALNUM**

Miðvikudaginn 3. október kl. 20
Föstudaginn 5. október kl. 20

KÍNVERSK MENNINGARHÁTÍÐ

Í KÓPAVOGI 29. SEPTEMBER - 7. OKTÓBER 2007

Þjóðlagahljómsveit og einsöngvarar Söngleikja- og dansstofnunar Wuhan flytja hefðbundna og nýja kínverska tónlist og spreya sig á íslenskrari tónlist á tvennum tónleikum í Salnum.


Miðasala á www.salurinn.is og í síma 5 700 400

NÝJAR BÆKUR

Miðstöð einsögu-rannsóknna hefur gefið út ritið **Akademísk helgisíðafræði – Hugvísindi og háskólasamfélag** eftir Sigurð Gylfa Magnússon. Í ritinu sem er 337 síður og prentað í Leturprent rekur höfundur málatilbúnað sagnfræðiskorar við heimspekideild Háskóla Íslands vegna framlagðrar doktorsritgerðar hans, en nokkrar deilur eru uppi um dómnefndarskipan varðandi þá ritmið. Í ritinu er saman komið mikið magn af gögnum varðandi doktorsritgerðina, dómnefndarliti og deilur sem af því eru sprottnar.



Afríka sunnan Sahara – í brennidepli - heitir ný bók sem Háskólaútgáfan dreifir í ritstjórn Jónínu Einarsdóttur og Þórdísar Sigurðardóttur en útgefandi er félagið Afríka 20:20. Aldrei hefur áður verið ritað jafn umfangsmikið verk um álfuna íslensku. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir skrifar formála en tólf höfundar leggja til efni í bókina, sem er 288 síður og ríkulega myndskreytt. Henni er skipt upp í fjóra hluta: Sagan, Lífnaðarhættir og lífsafkoma, Listir og bókmenntir, Afríka og umheimurinn. Háskólaútgáfan dreifir.



Íslenska stjórnkerfið eftir Gunnar Helga Kristinsson stjórnfræðing er komin út í annari og endurbættu útgáfu. Bókin kom út í fyrstu útgáfu fyrir réttu ári en höfundurinn segir að nauðsynlegt hafi reynst að endurskoða verkið með tilliti til kosninga á liðnu vori. Bókin er inngangsrít um íslensk stjórnfræði og geymir ýmislegan fróðleik um stjórnfræðing og sögu hér á landi. Þar eru helstu hugtök í stjórnfræðinu kynnt. Háskólaútgáfa gefur út en bókin er 288 síður.



Lítill börn með skólatöskur heitir bók eftir Jóhönnu Einarsdóttur sem komin er út hjá Háskólaútgáfunni. Þar er fjallað um tengsl leikskóla og grunnskóla og augum beint að menntun ungra barna á fyrsta áratug nýrrar aldar og þeim breytingum sem verða í lífi þeirra er þau fara úr leikskóla í grunnskóla. Höfundur hefur stundað rannsóknir á því sviði. Rekur hún sögulegan bakgrunn leik- og grunnskólans, ber saman námskrár og starfshætti. Rit Jóhönnu er 187 síður að lengd.



franskt & ítalskt leirtau · olíur · sósur · edik · sultur · ýmsar gjafavörur



Bitruhálsi 2 · 110 Reykjavík · S.569 1616 · Opið frá 9:00 - 18:00.

>VISSIR PÚ?

Las Vegas-leikarinn **Josh Duhamel** sem jafnframt er kærasti Fergie sigraði sjálfan **Ashton Kutcher** í keppni um titilinn karlfyrirsæta ársins fyrir sléttum tíu árum. „Mér leið eins og ég hefði unnið titilinn Ungfrú Ameríka,“ sagði Josh nýverið. „Ashton tapaði en fékk stóran samning við Calvin Klein. Ég hins vegar gerði ekkert af viti í þrjú ár. Svona er bransinn.“

fólk

folk@frettabladid.is



Sheen saknar barnanna

Meðleikkona Charlie Sheen, Holland Taylor, sagði frá því á dögunum að þótt Sheen reyni að vera bjartsýnn taki töluvert á hann að standa í forræðisdeilu við fyrrum eiginkonu sína, Denise Richards. „Hann þjáist og saknar barnanna sinna mikið,“ sagði Taylor en hún leikur móður Sheen í gamanþáttunum *Two and a Half Men*. „Honum finnst ósanngjarnt að hann fái ekki að hafa stelpurnar sínar til hálfis á við Denise eins og hann ætti í raun að gera.“ Dætur fyrrum hjónanna eru þriggja og tveggja ára gamlar.

Taylor hefur unnið með Sheen síðan árið 2003 þegar þættirnir hófu göngu sína. Með þeim hefur tekist góð vinátta og hún segir að leikarinn sé óhræddur við að segja samstarfsmönnum sínum hversu mikið hann



MIKILL HERRAMAÐUR Meðleikkona Charlie Sheen segir hann vera mikinn herramann. „Hann er ekki sá sem hann var áður.“



DENISE RICHARDS Stendur í forræðisdeilu við fyrrum eiginmann sinn, Charlie Sheen.

sakni stelpnanna sinna. „Hann er annars lítið fyrir að tala um sín einkamál en játar að þetta sé erfitt.“ Holland ber Sheen söguna vel að öllu leyti og segir hann „vera mesta herramann sem hún hafi unnið með“. „Hann lifir einföldu og rólegu lífi. Hann lifir fyrir börnin sín tvö og er alls ekki sá maður sem hann var,“ sagði Holland.

Missti börnin og fór út á lífið

Söngkonan Britney Spears virðist endanlega búin að tapa glórunni. Dómari í Kaliforníu svipti söngkonuna forræði yfir sonum sínum tveimur á mánudag, þeim Sean Preston 2 ára og Jayden James, sem er eins árs. Strákarnir munu því dvelja hjá föður sínum, Kevin Federline, þar til endanleg ákvörðun hefur verið tekin um framhaldið. Fram að þessu höfðu þau Britney og Kevin haft sameiginlegt forræði yfir drengjunum. Federline er sagður í skýjunum með úrskurðinn.

Lögfræðingur Britney hefur látið hafa eftir sér að dómari hafi tekið



NÆR NÝJUM LÆGDUM Britney Spears hefur náð nýjum lægdum. Hún missti forræði yfir sonum sínum tveimur á mánudag. Í framhaldinu flutti hún á hótél og fór út á lífið.

ákvörðun sína á þeim forsendum að Britney hafi ekið um með ökuskríteini sem ekki var í gildi í Kaliforníu auk þess sem hún var sökuð um að hafa ekki tekið eiturfylfja- og áfengispróf líkt og henni hafði verið gert að gera. Eftir að hafa afhent lífverði Federline syni sína tvo fór Britney beinustu leið að sækja um ökuskríteini. Þaðan er hún hins vegar sögð hafa farið að heimili sínu í Malibu til þess eins að pakka saman dótinu sínu og flytja á fimm stjörnu hótél í Beverly Hills. Loks dreif hún sig á snyrtistofu og þaðan út á lífið í Los Angeles.



HÁGÆÐA TÖSKUR

Ágústa Margrét Arnardóttir sýnir nýja töskulínu sína á Handverki og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur um helgina, en hún lítur á töskurnar sem hágæða tiskuvöru. Lína Ágústu samanstendur af töskum í átta mismunandi stærðum og sniðum og nokkrum litum.

MYND/ANDRÉS SKÚLASON

Nýtt!
PÚLSPJÁLFUN
Órugg leið til árangurs

N O R D I C A S P A

Fjögurra vikna lúxusnámskeið

fyrir konur og karla



Púlsþjálfun – brennsla og styrking. Þrjú hóptómar í viku með áherslu á brennslu, þol og styrk. Þú æfir alltaf með púlsmæli til þess að tryggja að þú sért í hámarksfitubrennslu.

Óruggasta leiðin til að æfa á réttu álagsstigi.
Styrktaræfingar/Supersett. Til að hámarka brennslu og styrk, tveir tímar í tækjasal undir leiðsögn þjálfara.

Vikuleg mæling. Vigtun, fitu- og ummálmæling.
Ítarlega næringarráðgjöf – 2 frábærir fyrirlestrar um líkamann, næringuna og huggann.

Lífsorka. Lærðu að borða rétt til þess að auka brennsluna, bæta meltinguna, auka orkuna, bæta svefn og minnka sykurlöf.

Leyndarmálið. Að virkja kraft hugans og temja sér hugsunarátt sem veitir þér það sem þú þráir.

Vikulegur fróðleikur – Einfaldar uppskriftir ásamt góðum ráðum.

Heilsudrykkur í lok hverrar æfingar.

Slökun og herðanudd í pottunum eftir æfingu.

Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon einkaþjálfari.

Takmarkaður fjöldi í hverjum hópi.

Tímar kl. 6:30, 7:30, 10:00. 16:30 og 18:30.

Ný námskeið hefst 8. október.

Skráning er hafin í síma 4445090 eða nordicaspa@nordicaspa.is

HÁTÍSKUHÖNNUN Í FISKIÞORPI

Ágústa Margrét Arnardóttir kynnr töskulínu sína á sýningunni Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur um helgina. Hún segir gott að starfa við hönnun í fiskiþorpinu Djúpavogi.

„Ég kom heim úr námi í skó- og fylgihlutahönnun á Ítalíu fyrir rúmlega ári síðan,“ útskýrði Ágústa, sem er fædd og uppalin á Höfn í Hornafirði en er nú búsett á Djúpavogi. „Í byrjun þessa árs var ég svo komin með fullt af hugmyndum og fór að útfæra þær. Það vatt upp á sig, og núna er ég komin með línu af átta mismunandi stærðum og sniðum og nokkrum litum,“ sagði Ágústa, sem segist líta á töskurnar, sem eru unnar úr hreindýraleðri og fiskiroði, sem hágæða tiskuvöru. Hún vinnur töskurnar frá hugmyndastigi, og þar til hún hefur vöruna fullkláraða í höndunum. Línurnar skiptast aðallega í ljósa og gyllta línu, aðra dökka og koparlitaða auk grófarí hversdagslínu úr grófu svörtu og brúnu karfaróði.

Djúpivogur samræmist kannski ekki hugmyndum flestra um hátískuborg, en Ágústa segir gott að vinna við hönnun í fiskiþorpinu. Aðspurð hvort hún eigi ekki stutt að sækja roðið skellir Ágústa upp úr. „Ég sæk þá nú reyndar alla leiðina á Sauðárkrók. En maðurinn minn er trillusjómaður og hefur verið að koma í land með tindabikkjur og háfa, svona öðruvísi fiska sem hafa ekki verið sýtaðir á Íslandi áður. Þeir sem eru að sýta ætla að prófa það fyrir mig,“ sagði Ágústa, sem var sjálf á sjó á árum áður. „Ég fór á sjó til að vinna mér inn pening og var svo að hanna í frístundum, þá var það áhugamálið. Svo snerist þetta eiginlega við og ég var farin að vinna við að hanna, en fór út á sjó öðru hverju til að ná mér í pening og hreyfa mig aðeins. Nú læt ég kallinn bara um það,“ sagði hún og hló við.

Hægt er að fá nánari upplýsingar um hönnun Ágústu á heimasíðunni www.gustadesign.is. Sýningin Handverk og hönnun opnar í Ráðhúsi Reykjavíkur á föstudaginn og stendur yfir til mánudags.

sunna@frettabladid.is

Æfur út í Nelson

Steven Spielberg, leikstjóri nýjustu Indiana Jones myndarinnar, er æfur út í leikarann Tyler Nelson fyrir að hafa kjaftað frá söguþræði myndarinnar í nýlegu viðtali.

Nelson, sem er 24 ára, sagði frá söguþræðinum og öllum helstu atriðunum í dagblaði í Oklahoma við litla



hrifningu Spielbergs. Íhugar leikstjórinn að klippa öll atriði með Nelson út úr myndinni fyrir kjaftagang hans. „Það er ekkert víst að hann eigi eftir að fá vinnu í þessari borg aftur,“ sagði talsmaður Spielbergs.

STEVEN SPIELBERG Leikstjórinn Steven Spielberg er reiður út í leikarann Tyler Nelson.

Kynlífsmyndband með Longoríu

Sú saga flýgur nú fjöllum herra í Hollywood að myndband með ástarleikjum aðþrengdu eiginkonunnar Evu Longoríu og eiginmanns hennar Tony Parker sé væntanlegt á netið. The Sun greindi frá þessu og segir að myndbandið verði að líkindum komið fyrir almennings sjónir strax í þessum mánuði. Ef satt reynist vilja sumir meina að hér verði um að ræða mest umrædda myndband síðan kynlífsmyndband með Paris Hilton og þáverandi kærasta hennar, One Night In Paris, var dreift á netinu. Nýjustu fregnir frá Bandaríkjunum herma

að þegar sé hægt að nálgast myndbandið en aðeins á síðum þar sem greitt er fyrir aðganginn. Ekki fylgir sögunni hvað nýgifta parinu finnst um dreifingu myndbandsins en telja verður líklegt að þau séu allt annað en ánægð.

EVA LONGORIA The Sun hefur greint frá því að kynlífsmyndband með Evu og eiginmanni hennar Tony Parker sé væntanlegt á netið. Sumir vilja meina að myndbandið muni valda meira fjadrafoki en myndbandið með Paris Hilton gerði á sínum tíma.



Cruise brjálaður vegna viðreksturs

Leikarinn Tom Cruise er sagður ævareiður eftir að óprúttinn aðili í leikaraliði kappans leysti vind þegar síst skyldi. Cruise er þessa dagana í Þýskalandi við tökur á myndinni Valkyrie og hefur sem kunnugt er lent í útistöðum við þarland yfirvöld. Hann fékk hinsvegar góðfúslegt leyfi fyrir tökum á einum þeirra staða þar sem nasistar töku andstæðinga sína af lífi með því skilyrði að hann sýndi Þýskaland eftir stríð í jákvæðu ljósi. Áður en tökur hófust vildi Cruise hafa einnar mínútu þögn í virðingarskyni við þá er létu þar lífið. Það var einmitt

þá sem einhver rak við. Sagan segir að Tom hafi heitið því að finna viðkomandi og reka hann á staðnum. „Tom er ævareiður og það með réttu,“ sagði leikarinn Christian Berkel um atvikið en hann leikur Albrecht Mertz von Quirnheim í myndinni. „Það er ófyrirgefnalegt að leysa vind við svona aðstæður.“

HÓTAR BROTTREKSTRI FYRIR VIÐREKSTUR Tom Cruise hefur ekki komist að því hver í leikaraliðinu rak við þegar hann hafði bedið um einnar mínútu þögn á tökustað sínum. Hann hefur hótad að reka viðkomandi þegar upp kemst um sökudólginn.



FRÉTTIR AF FÓLKI


Leikarinn **Ben Affleck** hefur nú lýst því yfir að samband hans við söngkonuna **Jennifer Lopez** hafi haft slæm áhrif á feril hans. Þau voru saman frá 2002-2004 og mikið var fjallað um samband þeirra í fjölmiðlum. „Fjölmiðlar lugu ýmsu í þeim tilgangi að selja blöð,“ sagði hann. „Ég greiddi það dyru verði.“

Tímaritið OK! greindi frá því fyrir skömmu að **Angelina Jolie** hefði verið rekin sem andlit St. John fatalínunnar. Markhópur St. John er að mestu konur á framabraut en **Hillary Clinton** og **Condoleeza Rice** eru meðal þeirra sem nota fótin. OK! sagði að viðskiptavinir St. John hefðu ekki fundið fyrir tengslum við leikkonuna og því hefði samstarfinu verið slitið. Nú hefur hins vegar komið í ljós að fréttin var alröng enda segir fyrirtækið að Angelina hafi nýlega verið í myndatökum fyrir vorlínuna.

Nú velta menn því fyrir sér hvort leikararnir **Orlando Bloom** og **Jennifer Aniston** séu farin að stinga nefjum saman eftir að sást til þeirra saman í Mexíkó. Myndir náðust af skötuhjúunum fáklæddum á sundlaugarbakka og þótt hvorki faðmlög né kossar hafi náðst á filmu sjá einhverjir fyrir sér að þarna sé komið nýjasta stórstjörnuparið í Hollywood.

Þingmaðurinn **Barack Obama** sem þykir líklegur til þess að blanda sér í toppslaginn þegar kemur að forsetakosningum í Bandaríkjunum sagði í viðtalsþætti við **Tyru Banks** að dóttur sinni líkaði illa við **Paris Hilton**, en dóttirin er aðeins 9 ára gömul. „Hún neitar að gista á Hilton hóteli,“ sagði Obama sem jafnframt kíkta inn í kristalkúlu í þættinum og sagðist sjá Hvíta húsið.

www.volkswagen.is



Fjarlægðarskynjarar að framan ...

... og aftan

Enn betur búinn Passat – hlaðinn aukabúnaði

Gæði og glæsileiki Volkswagen Passat er orðinn vel þekktur en þróunin heldur áfram. Nú bjóðum við Passat Comfortline með veglegum aukabúnaði: 16" álfelgum, hraðastilli, fjarlægðarskynjurum að framan og aftan, leðurklæddu stýri, hita í framsætum og aðkomuljósum.

Passat Comfortline 1,9 TDI* dísil

Verð 2.790.000 kr.

Volkswagen Passat er grænn bill

HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár. Kolefnisjöfnun felst í því að binda samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda og billinn gefur frá sér. Þetta gerum við með skógrækt og landgræðslu.



NÝTT Í BÍÓ!



SMÁRRÁBÍÓ	SÍMI 564 0000	REGNBÖGINN	SÍMI 551 9000		
SUPERBAD	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12	VEDRAMÓT	kl. 5:40 - 8 - 10:20	14
SUPERBAD LÚXUS	kl. 5:30 - 8 - 10:30				
SHOOT'EM UP	kl. 8 - 10	16			
HÁKARLABEITA 600 KR.	kl. 3:50 - 6				
HAIRSPRAY	kl. 5:30 - 8 - 10:30				
VACANCY	kl. 10:40	16			
KNOCKED UP	kl. 5:20 - 8	14			
BRETTIN UPP ISL. TAL.	kl. 4				
THE SIMPSONS MOVIE ISL. TAL.	kl. 3:45				

www.SAMbio.is ☎ 575 8900 midi.is

Leitin að nýjum er í gegnum ljúffengan mat!

Hugljúf rómantísk gamanmynd

Leitin að nýjum er í gegnum ljúffengan mat!

Hugljúf rómantísk gamanmynd

Leitin að nýjum er í gegnum ljúffengan mat!

Hugljúf rómantísk gamanmynd

ALFABAKKA	AKUREYRI				
NO RESERVATIONS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L	NO RESERVATIONS	kl. 8 - 10	L
NO RESERVATIONS VIP	kl. 5:30 - 8 - 10:30		3:10 TO YUMA	kl. 8 - 10	16
SUPER BAD	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12	BRATZ - THE MOVIE	kl. 6	L
CHUCK AND LARRY	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12	ASTRÓPÍA	kl. 6	L
MR. BROOKS	kl. 8 - 10:30	16			
BRATZ	kl. 5:30	L	KEFLAVÍK		
DISTURBIA	kl. 10:10	14	CUCK AND LARRY	kl. 10	L
ASTRÓPÍA	kl. 6 - 8	L	SHOOT'EM UP	kl. 8	16
			VACANCY	kl. 10	16
			LICENSE TO WED	kl. 8	L

Nýtt í bíó

LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

RUSSELL CROWE CHRISTIAN BALE

3:10 TO YUMA

ADAMSANDLER KEVINJAMES

CHUCK AND LARRY

GEGGJUD GRÍNMYND

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

3:10 TO YUMA	kl. 5:30, 8 og 10:30	16
CHUCK & LARRY	kl. 5:40, 8 og 10:20	12
HAIRSPRAY	kl. 5:40 og 8	L
KNOCKED UP	kl. 10:20	14

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

Sýningar á Heima að hefjast

Tónleikamynd Sigur Rósar, Heima, fer í almennar sýningar á föstudag. Myndin verður sýnd í stóra sal Háskólabíós fyrstu helgina en eftir það verður hún sýnd í minni sal.

Heima var frumsýnd síðastliðinn fimmtudag í troðfullum stóra sal Háskólabíós sem opnunarmynd Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík. Fékk myndin mjög góðar viðtökur bæði áhorfenda og gagnrýnenda. Meðal annars fékk hún fimm stjörnur í Fréttablaðinu og í breska tónlistartímaritinu Q og fjórar stjörnur í hinu virta kvikmyndatímariti Empire. Ritstjóri Q, Paul Rees, sá myndina



Í ÁSBYRGI Sigur Rós á tónleikum sínum í Ásbeygi síðasta sumar. Tónleikamyndin Heima fer í almennar sýningar á föstudag.

hér á landi og varð gjör samlega heillaður. „Hún er fallett og töfrandi listaverk sem er á stalli fyrir ofan hina hefðbundnu rokk-

tónlistarmynd. Það var virkilega hrífandi að horfa á hana á hvíta tjaldinu og ég held ég sé ekki búinn að jafna mig ennþá. Ekki missa af henni,“ sagði hann í pistli sínum.

Strákarnir í Sigur Rós eru þessa dagana á ferðalagi um heiminn til að kynna myndina og spila þeir nokkur lög á undan henni til þess að hita áhorfendur upp. Á meðal borga sem þeir heimsækja eru Helsinki, Aþena, New York, Kaupmannahöfn, London, Tókýó, Melbourne og París.

Forsala á sýningar Heima hérlandis er hafin á midi.is og í Háskólabíói.

Tvö ný lög frá Nýdönsk

Hljómsveitin Nýdönsk hefur tekið upp tvö ný lög sem verða á tvöfaldrí safnplötu sem kemur út 29. október í tilefni af tuttugu ára afmæli hennar. Á sama tíma koma allar plötur sveitarinnar út í veigamiklu safnboxi.

„Okkur fannst við hæfi að vera með eitthvað nýtt í leiðinni svo það yrði ekki bara eitthvað gamalt,“ segir Jón Ólafsson um nýju lögin. „Við höfðum ekki farið í stúdíó síðan við fórum til Möltu upp úr aldamótunum og tókum upp Pólfarir. Við ákváðum bara að taka upp tvö lög því við ætludum ekkert að gera okkur þetta of erfitt fyrir eftir allan þennan tíma. Við vildum sjá hvernig gengi að taka upp þráðinn og það gekk bara skrugulegt. Þetta var mjög skemmtilegt,“ segir hann.

Björn Jörundur Friðbjörnsson samdi bæði lögin og eru þau mjög ólík að sögn Jóns. „Annað er hefðbundið og grípandi, svona ekta Nýdanskarr-lag en hitt er mýkra og ekki endilega það sem menn reikna með úr okkrum ranni.“



NÝDÖNSK Hljómsveitin Nýdönsk hefur tekið upp tvö lög fyrir væntanlega safnplötu.

Alls verða fjórutíu lög á safndiskunum tveimur en tíu ár eru liðin síðan Nýdönsk gaf síðast út safnplötu. „Þetta verður ekki beint eins og þessar hefðbundnu safndiskar. Þarna verðum við með fullt af lögum sem við vitum að skipa stóran sess hjá okkar aðdáendum þótt þau hafi kannski ekki orðið

mjög vinsæl. Þetta safn sýnir frekarbreidd og söguhljómsveitarinnar,“ segir Jón.

Í tilefni afmælisins ætlar Nýdönsk að halda tónleika í Borgarleikhúsinu á útgáfudaginn og í Leikfélagi Akureyrar 6. nóvember.

freyr@frettabladid.is

Fékk ekki miða á Zeppelin

Andrea Jónsdóttir, útvarpskona á Rás 2 og aðdáandi Led Zeppelin númer eitt, var ekki á meðal þeirra tuttugu þúsund aðdáenda sem fengu miða á endurkomutónleika sveitarinnar í London 26. nóvember.

Alls reyndu um tuttugu milljónir aðdáenda að fá miða á netinu og þurftu því margir frá að hverfa, þar á meðal Andrea, sem sótti um í gegnum vin sinn. Hún lifir þó enn í voninni um að sjá Zeppelin á nýjan leik en hún sá strákana síðast spila í Laugardalshöll árið 1970. „Ég held endilega að þeir spili eitthvað meira, mér finnst það alveg rökrétt. Hafa þeir nokkuð verið að gera sjálfir?“



ANDREA JÓNSDÓTTIR Andrea fékk ekki miða á endurkomutónleika Led Zeppelin.

segir Andrea, sem missir ekki svefn yfir miðaley sinu. „Ég hef eitt mottó í lífinu sem ég nota oft ef ég kemst ekki eitthvað: Ég sá aldrei Bítlanu þannig að ég get alveg missað af þessu. Ég get alveg hugað mig við það.“

Tónleikarnir eru haldnir í minningu Ahmets Ertegün, eins af stofnendnum plötufrirtækisins Atlantic Records, sem lést í fyrra. Mun Jason Bonham leysa föður sinn John Bonham af á trommunum, en Zeppelin hætti störfum árið 1980 eftir andlát hans. Verða þetta fyrstu tónleikar sveitarinnar í nítján ár með eftirlifandi meðlimum.

- fb

Reykjavík International Film Festival

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík

27. SEPTEMBER
7. OKTÓBER
2007

Tjarnarbió, kl. 18:00

Gildran
The Trap

Gildran er nútímaleg rökkurmynd sem á sér stað í Belgrad 21. aldarinnar. Leikstjórnin Srđjan Golubovic svarar spurningum.

Dagskrá, miðvikudagur 3. október

14:00 Tjarnarbió	Á elleitu stundu
Bleikur Pink	The 11th Hour
16:00 Tjarnarbió	Norrena húsið
Heimsókn hljómsveitarinnar	Ég vil ekki bara að þú elskið mig
The Band's Visit	I Don't Just Want...
22:00 Tjarnarbió	
Þú, lifendur	
You, the Living	
Regnboginn	Regnboginn
Avallt, aldrei og hvar sem er	
Forever, Never and Anywhere	
The American Soldier	Æði! Saga hinsegin
20:00 Tjarnarbió	kvikmyndagerðar
Listin að gráta í kór	Fabulous!
The Art of Crying	Síðasti veturinn
Regnboginn	The Last Winter
Himinbrún	Norrena húsið
The Edge of Heaven	Lili Marleen
Steypa & Sólakynslóðin	Háskólabíó
	Elnarar Loners

Stallone í vítisholu

Sylvester Stallone ásamt tökuliði fjórðu myndarinnar um Rambo urðu vitni að miklum hryllingi við tökurnar meðfram landamærum Búrma og Taílands. Tökurnar fóru að mestu fram á Salween-ánni sem skilur að Taíland og Búrma.

„Við heyrum um Víetnam og Kambódíu en þetta var mun hryllilegra. Þetta var algjör vítishola,“ sagði Stallone, sem sá fólk sem hafði misst fóta sína og eyru og lent í jarðsprengjum. „Allir árbakkarnir eru uppfyllir af jarðsprengjum. Eina leiðin inn í Búrma er upp ána.“

Stallone, sem er 61 árs, er nýkominn heim til Bandaríkjanna eftir sex mánaða tökum á svæðinu. Herstjórnin í Búrma hefur



RAMBO Vöðvabúntið Stallone lenti í ýmsum vandræðum við tökum á Rambo við landamæri Búrma.

undanfarið barið niður fjöldamót-mæli í landinu og hafa margir farið illa út úr ofbeldinu. „Það var skotið í átt að tökuliðinu. Okkur var sagt að við gætum meiddst alvarlega ef við héldum áfram,“ sagði hann. Myndin John Rambo er væntanleg í janúar.

Kebab-leit í ragnarökum

„Hvað eigum við að gera þangað til það er kominn tími til að fara aftur að sofa,“ segir ein persóna í þessari írönsku kvikmynd. Og kannski verður lífinu ekki betur lýst en einmitt þannig. Eins og góði dátinn Sveik í fyrri heimsstyrjöld rambur söguhetjan hér um í heimsendalandslagi í leit að einhverju til að éta, og einhvernveginn tekst honum alltaf að koma af stað miklum hörmungum þar sem hann fer um. Jafnvel þegar hann loksins tekur á sig rögg og hvetur fólk til að leggja ekki á flóttu, heldur rísa upp gegn kúgurum sínum í staðinn, leiðir það til þess að allir bæjarbúar eru drepnir án þess að fá rönd við reist. Enga von er að finna gegn yfirvaldi sem öll vopn heftur í hendi og skiptir í raun ekki

máli hvort verið sé að vísa í klerkastjórnina, Bandaríkin eða innrás Mongóla í Persíu á 13. öld. Landslagið er annaðhvort forsögulegt eða framtíðarlegt, einhvers staðar á milli Mad Max og Oedipus Rex. Í öllum bæjum eru afar fáir íbúar, hvort sem það er til að tákna hve lítið er í raun til að berjast um eða einfaldlega vegna þess að fjárhagurinn leyfði ekki meira. Myndin er bæði staðleysa og sýmbólismi sem má lesa ýmislegt í. Í einum bænum þykjast allir vera sofandi þegar hættu ber að, og okkar maður reynir að vekja þá, reyndar með skelfilegum afleiðingum. Í öðrum bæ eru allir að betla og enginn til að betla af, sem má næstum líta á sem frjálshyggju.

KVIKMYNDIR

Eigið þér annað epli?

Leikstjóri: Bayram Fazli
Sýnd á RIFF fimmtudagskvöld kl. 20 í Tjarnarbió.

★★★

Staðleysan er vandmeðfarið fyrirbæri, en gengur helst upp sé farið með hana nógu langt, og það tekst hér. Myndin er einnig á köflum meinfyndin. Hvað sem annars er hægt að segja um klerkastjórnina í Íran virðist hún að minnsta kosti á köflum geta af sér áhugaverðari kvikmynda-gerðarmenn en keppinautur hennar í Vestri. **Valur Gunnarsson**



DR. GUNNI Dr. Gunnur verður heiðursgestur á Söngvaskáldakvöldi á Domo í kvöld.

Dr. Gunnur í heiðurssæti

Dr. Gunnur verður heiðursgestur Söngvaskáldakvölds á Domo í kvöld. Mun hann flytja bæði ný lög og eldri úr eigin smíðju. Áður en hann stígur á svið flytja fimm önnur söngvaskáld eitt til tvö lög hvert og mun Hrynsveit Eyþórs Gunnarssonar annast undirleik. Kvöldinu lýkur síðan með „jam session“ þar sem tónlistarmenn leika af fingrum fram.

Söngvaskáldakvöldin eru haldin fyrsta miðvikudag hvers mánaðar. Í síðasta mánuði var Magnús Kjartansson, fyrrum Trúbrotts- og Júdasarmaður, heiðursgestur kvöldsins. Aðgangseyrir á Domo er 500 krónur og hefst dagskráin klukkan 20.00.



SUPERBAD Gamanmyndin Superbad var sú vinsælasta hérlendis um síðustu helgi.

Sex þúsund sáu Superbad

Tæplega sex þúsund manns sáu gamanmyndina Superbad um síðustu helgi, sem var frumsýningarhelgi hennar. Uppselst var á margar sýningar löngu fyrir sýningartíma, sem sýnir að eftirvæntingin eftir henni var mikil.

Myndin fjallar um þrjá vini sem vilja fagna útskrift sinni úr menntaskóla á sem eftirminnilegastan hátt. Lenda þeir í hinum ýmsu ævintýrum á leið sinni að settu markmiði. Framleiðandi Superbad er Judd Apatow, sem hefur leikstýrt hinum vinsælu 40 Year Old Virgin og Knocked Up.



Stærsta bílabíó Íslandssögunnar



AMERICAN GRAFFITI
3. OKTÓBER KL. 20.30

Greiddu í píku, túperaðu toppinn, hoppaðu upp í kaggann og komdu með í stærsta bílabíó á Íslandi, í flugskýli 885 á gamla varnarsvæðinu í Keflavík. Rifjaðu upp lögin, taktana, þæjurnar og stælgæjana – tímana þegar táningar urðu til.

MÆTTU MEÐ STÆL

Bílalest amerískra eðalvagna frá Fornbílakúbbi Íslands leggur af stað frá Smáralind kl. 18.45.



HVITA HUSID / SIA - 07-1335

>Stelpurnar unnu alla leikina

Íslenska 19 ára landslið kvenna tryggði sér sigur í sínum riðli með 3-2 sigri á heima-



sport
sport@frettabladid.is

SINISA KEKIC: Í FÍNU FORMI OG VILL SPILA Í EFSTU DEILD ÞRÁTT FYRIR HÁAN ALDUR EN GETUR EKKI HÆTT AÐ REYKJA

Nikótíntyggjó virkar ekki á mig, bara Marlboro

Hinn 38 ára gamli Sinisa Kekic er ekkert á því að leggja skóna á hilluna þrátt fyrir að hann sé orðinn 38 ára gamall.



Ég vil spila fótbolta og ég get ekki neitað því að mér hugnast meir að spila í úrvalsdeild en í 1. deild.

„Ég vil ekki hætta. Mig langar mikið að spila eitt ár í viðbót og er eiginlega ákveðinn í því,“ sagði Kekic sem hefur ekki heyrt frá neinu félagi enn sem komið er en Víkingar hafa mikinn áhuga á að halda kappanum og ætla að ræða við hann um nýjan samning fyrir en síðar.

„Ég virðist ekki geta hætt að reykja, því miður. Ég reyki pakka þegar það er rólegt hjá mér en ég fer upp í tvo pakka þegar það er mikið að gera og ég er stressaður. Samt er ég enn í merkilega góðu formi miðað við 38 ára gamlan mann,“ sagði Kekic og hló dátt en hann hefur margóft reynt að hætta.

„Stundum segi ég við mig á kvöldin að ég sé hættur daginn eftir en þegar ég vakna er ég bara búinn að gleyma því. Stundum lifði ég til ellefu eða tólf á daginn en þá varð ég bara að fá smök. Ég er búinn að prófa nikótíntyggjó meðal annars en það virkaði ekki neitt, það er bara Marlboro sem virkar á mig,“ sagði Kekic.

Rooney með sigurmarkið

Man Utd vann 1-0 sigur á Roma á Old Trafford í Meistaradeildinni í gær. Robin Van Persie tryggði Arsenal sigur og Rangers unnu óvæntan stórsigur á Lyon.



GRÉTAR SIGFINNUR Mun annaðhvort spila með KR eða Val næsta sumar.

KR leitar að liðsstyrk:

Höskuldur og Grétar til KR?

FÓTBOLTI Hræringar á leikmannamarkaðnum eru þegar hafnar þó svo stutt sé síðan Landsbankadeildinni lauk.

Grétar Sigfínnur Sigurðsson er að klára samning sinn við Víking og hann staðfesti við Fréttablaðið í gær að hann myndi ekki framlengja samningi sínum við félagið.

Annar uppallinn KR-ingur, Höskuldur Eiríksson, er einnig að hugsa sér til hreyfings en hann vildi ekkert tjá sig um sín mál fyrr en hann hefði rætt við forráðamenn Víkinga.

FÓTBOLTI Fjögur lið í riðlum E til H eru enn með fullt hús eftir fyrstu tvær umferðir Meistaradeildar Evrópu en þau eru Rangers, Barcelona, Man. Utd og Arsenal.

Wayne Rooney tryggði Manchester United 1-0 sigur á Roma með sínu fyrsta marki á tímabilinu. Markið skoraði hann 20 mínútur fyrir leiklok eftir laglega sendingu frá Portúgalanum Nani.

Rómverjar ætluðu sér að hefna fyrir ófárinir á Old Trafford í fyrra þegar þeir töpuðu 7-1 í seinni leik átta liða úrslitanna og gátu vel fengið meira út úr leiknum en vörn ensku meistaranna hélt út og lærisveinar Alex Ferguson unnu sinn sjötta 1-0 sigur í síðustu átta leikjum sínum.

„Deir fengu ansi góð færi og við getum talist nokkuð heppnir. Þetta var mjög góður sigur enda vorum við að mæta sterkum liði,“ sagði Sir Alex eftir leikinn.

Skoska liðið Rangers ætlar að vera spútniklið Meistaradeildarinnar eftir sannfærandi 3-0 stórsigur á frönskum meisturunum í Lyon í Frakklandi.

Barcelona vann þýsku meistarana í Stuttgart með mörkum frá Carlos Puyol og Lionel Messi í seinni hálfleik og línurnar eru því



LANGPRÁÐ Wayne Rooney fann loksins skot-skóna og það á hárréttum tíma.



FULLT HÚS Rangers byrjar vel í Meistaradeildinni í ár.



HETJAN Robin Van Persie tryggði Arsenal þrjú stig í Rúmeníu.

þegar farnar að skýrast þar sem Rangers og Barcelona eru komin með sex stiga forskot.

Robin Van Persie var hetja Arsenal þegar hann skoraði eina markið í leik liðsins gegn Steaua í Búkest. Markið kom 14 mínútur fyrir leiklok eftir undirbúning Emmanuels Adebayor.

sást vel í þessum leik. Ég er mjög ánægður með spilamennsku liðsins, það er sterkt að ná þremur stigum á útivelli,“ sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal eftir leik.

Sviðinn Zlatan Ibrahimovic kom Internazionale aftur í gang með tveimur mörkum á fyrsta hálf tím-anum í heimasigri á PSV en ítölsku meistararnir töpuðu fyrsta leiknum sínum fyrir Fenerbahce.

Annarri umferð riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu lýkur í kvöld:

Valencia leitar hefnda í kvöld

FÓTBOLTI Ensku liðin Chelsea og Liverpool verða í eldfláunni í kvöld þegar annarri umferð riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu lýkur með átta leikjum.

Chelsea og Valencia eigast við í kvöld aðeins hálfu ári eftir að liðin mættust í 8-liða úrslitum keppninnar í fyrra, þar sem Chelsea hafði



FÖGNUMU Í FYRRA Chelsea náði að slá Valencia út úr keppninni í fyrra.

betur með 2-1 sigri á heimavelli Valencia, Mestalla, eftir 1-1 jafntefli liðanna á heimavelli Chelsea. Valencia hafði þá verið sigursælt gegn enskum liðum á Mestalla og státað af því að vera taplaust þar í tólf leikjum þar á undan, unnið sjö sinnum og gert fimm jafntefli. Hjá Chelsea eru Frank Lampard og

Shaun Wright-Phillips frá vegna meiðsla en Michael Essien og John Terry gætu verið klárir í slaginn að nýju eftir að hafa meiðst lítilliga í leikjum Chelsea á síðustu dögum.

Liverpool liðið hefur verið að spila vel á heimavelli sínum í keppninni og enn fremur bendir árangur liðsins á móti frönskum mótherjum sínum til þess að Marseille og Eric Gerets, nýráðnum stjóra liðsins, bíði erfitt verkefni fyrir höndum. En Liverpool hefur unnið átta af síðustu níu leikjum sínum á heimavelli gegn frönskum mótherjum í Evrópukeppnum. Tveir leikmenn Marseille munu eflast vilja sanna sig öðrum fremur gegn Liverpool, en það eru Djibril Cisse og Boudewijn Zenden fyrrum leikmenn Liverpool. Hjá Liverpool eru Harry Kewell, Daniel Agger og Xabi Alonso allir frá vegna meiðsla en Jermaine Pennant tekur út leikbann.

N1 DEILD KARLA
Miðvikudagur 3. október
Stjarnan - Fram
Mýrin kl. 20:00

N1 DEILD KVENNA
Miðvikudagur 3. október
Fram - Fylkir
Framhús kl. 18.00



JAFNTEFLI HK-maðurinn Ragnar Hjaltsted skorar hér annað marka sinna gegn Val í Digranesi í gær.

Fyrsta stig Vals

HANDBOLTI HK og Valur gerðu jafntefli 24-24 í fyrsta leik fjórðu umferðar N1-deildar karla í handbolta í gærkvöld.

Sama var uppi á teningnum í síðari hálfleik þar sem HK voru skrefinu á undan en Valmenn sem fyrr misstu þá aldrei langt fram úr sér og náðu að jafna leikinn 24-24 þegar stutt var eftir og þar við sat.

Markmenn liðanna, þeir Egidijus Peckevicius hjá HK og Pálmarr Pétursson hjá Val, voru í aðalhlutverkum í gærkvöld og vörðu báðir 19 skot í leiknum.

ÚRSLITIN Í GÆR

N1-deild karla í handbolta

Hk-Valur 24-24 (12-12)
Mörk HK (skot): Árni Björn Þórarinnsson 7/1 (8/2), Augustas Straztas 4 (8), Ragnar Snær Njálsson 3 (7), Ragnar Hjaltsted 2 (3), Sergei Pebraytis 2 (3), Ólafur Bjarki Ragnarsson 2 (5), Tomas Etutis 2 (10), Arnar Þór Sæþórsson 1 (2/1), Gunnar Steinn Jónsson 1 (4).

Meistaradeild Evrópu í fótþ.

Lyon-Rangers 0-3
0-1 Lee McCulloch (23.), 0-2 Daniel Cousin (48.), 0-3 DaMarcus Beasley (53.).
Stuttgart-Barcelona 0-2
0-1 Carles Puyol (53.), 0-2 Lionel Messi (67).

Tilboðslán

...fyrir hverju sem er

Óvenju hagstætt lán!

- Lægri greiðslubyrð
- Lægra lántökugjald
- Óverðtryggt lán

**TILBOÐS
VEXTIR!**

16,75%


Tilboðslánið hentar vel til að greiða niður óhagstæðar skuldir, eða að láta draumana rætast, hvort sem það er eldhúsinnrétting, trommu-sett, uppvottavél, framkvæmdir heimafyrir eða eitthvað annað...
...þitt er valið!

Dæmi um meðalgreiðslu á mánuði

Fjöldi ára	200.000 kr.	400.000 kr.	600.000 kr.	800.000 kr.	1.000.000 kr.
1	19.314 kr.	38.071 kr.	56.828 kr.	75.585 kr.	94.342 kr.
2	10.488 kr.	20.586 kr.	30.684 kr.	40.782 kr.	50.880 kr.
3	7.546 kr.	14.758 kr.	21.969 kr.	29.181 kr.	36.393 kr.
4	6.075 kr.	11.844 kr.	17.612 kr.	23.380 kr.	29.149 kr.
5	5.193 kr.	10.095 kr.	14.998 kr.	19.900 kr.	24.803 kr.
6	4.604 kr.	8.929 kr.	13.255 kr.	17.580 kr.	21.905 kr.
7	4.184 kr.	8.097 kr.	12.010 kr.	15.923 kr.	19.836 kr.
8	3.869 kr.	7.472 kr.	11.076 kr.	14.680 kr.	18.284 kr.

Forsendur: 1,5% lántökugjald - 1,5% stimpilgjald - 16,75% vextir - Kostnaður lánaður

**Pú getur sparað 367.584 kr.
með því að taka tilboðslán S24:**



M.v. 2 milljón króna lán í 8 ár og 16,75% vexti hjá S24 og 21,15% vexti hjá ónefndum fjármálafyrirtækjum (sem er 4,4% munur) þá borgarðu 3.829 kr. minna á mánuði með því að vera með lánið hjá S24, **pú sparar 45.948 kr. á ári og 367.584 kr. í heildina.**



Sæktu um lán...
WWW.S24.IS



533 2424 – Sætún 1

*Miðað við vaxtatöflu S24 01.09.2007, sjálfvirka skuldfærslu af reikningi hjá S24
*Miðað við að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar
Tilboð þetta gildir til 31.10.2007

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.05

Big Love

Bill lifir margföldu lífi en hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og sjö börn. Auk þess rekur hann eigið fyrirtæki sem þarfnast mikillar athygli. Það er ekki nema von að maðurinn sé þreyttur en hann er þó ekki á því að gefast upp. Í þætti kvöldsins reynir Margene að koma á fundi á milli eiginkvenna Bills og nýju konunnar sem líklega er að bætast í hópinn. Er hann ekki kominn með nógu margar eiginkonur?



VIÐ MÆLUM MED

Kjarnakona RÚV kl. 21.00

Rose Pritchard er stjórnandi í stórmarkaði. Hún er foxill vegna ástandsins í pólitíkinni og vantroystir þeim stjórnáráðgjöfingjum sem eru í framboði. Hún býður sig fram til þings staðráðin í að láta til sín taka. Þetta ævintýri byrjaði sem hálfgerður brandari en svo kemst skriður á málin og þungavigtarmenn úr öðrum flokkum ganga til liðs við hana.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|--------------------|-----------|--------------------|---------------------|---------------------|----------------------|--------------------|--------------------------|----------------------------|--------------------|----------------------|--------------------|-----------------------------------|----------------------|---------------------|----------------------------|---------------|-----------------------|--------------------|-------------------|--------------|--------------------|------------------|-----------------------------------|---------------------------|--------------------|-----------------|--------------------------|--------------------|---|------------|---------------|---|
| 06.45 Veðurfregnir | 06.50 Bæn | 07.05 Morgunvaktin | 08.00 Morgunfréttir | 09.05 Okkar á milli | 09.45 Morgunleikfimi | 10.03 Veðurfregnir | 10.13 Brot af eilífðinni | 11.03 Samfélagið í nærmynd | 12.03 Hádegisútlit | 12.20 Hádegisfréttir | 12.45 Veðurfregnir | 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar | 13.00 Vitt og breitt | 14.03 Tónar að nóni | 15.03 Útvarpsagan: Vansæmd | 15.30 Dr. RÚV | 16.00 Síðdegisfréttir | 16.10 Veðurfregnir | 16.13 Hlaupanótan | 17.03 Viðsjá | 18.00 Kvöldfréttir | 18.25 Spegillinn | 18.50 Dánarfregnir og auglýsingar | 19.00 Endurómur úr Evrópu | 20.00 Leynifélagið | 20.30 Stefnumót | 21.10 Út um græna grundu | 22.10 Veðurfregnir | 22.15 „Markgreifafrúin fór út klukkan fimm“ | 23.00 Gáru | 00.00 Fréttir | 00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns |
|--------------------|-----------|--------------------|---------------------|---------------------|----------------------|--------------------|--------------------------|----------------------------|--------------------|----------------------|--------------------|-----------------------------------|----------------------|---------------------|----------------------------|---------------|-----------------------|--------------------|-------------------|--------------|--------------------|------------------|-----------------------------------|---------------------------|--------------------|-----------------|--------------------------|--------------------|---|------------|---------------|---|

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

4 SÍRKUS

- 18.20 Fréttir
- 19.10 Hollyoaks (27:26)
- 19.30 Hollyoaks (28:26)
- 20.00 Hollywood Uncensored Hvað gerist á bak við tjöldin í Hollywood. Hér verður öllum spurningum svarað.
- 20.30 The Will (5:6) Spennandi raunveruleikabáttur þar sem ættingjar milljóna-mæringsins Bills Long keppa um erfðaréttinn á stórum búgarði.
- 21.15 E-Ring (10:22) Spennubáttur úr smíðju Jerry Bruckheimer með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum. J.T. Tisnewski (Benjamin Bratt) er fyrrum CIA-maður sem vinnur í Pentagon fyrir bandaríska herinn.
- 22.00 NCIS (6:24) Skelfing grípur um sig þegar dóttur sjóliða er rænt í kjölfar innbrots á heimili þeirra. Nú er teymið í kapphlaupi við tímann en vísbendingar eru af skornum skammti.
- 22.45 Justice (7:13) Moldríkur, ungur maður lætur lífið í flugslysi ásamt kærustu sinni en foreldrar stúlkunnar telja að tengdaforeldramir séu á einhvern hátt viðriðnir málið.
- 23.30 Arrested Development 3
- 23.55 Skins (5:9)
- 00.40 Totally Frank
- 01.05 Gary the Rat
- 01.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

- 12.00 The Aristocrats
- 13.00 The Inspector Lynley Mysteries
- 14.00 Houses Behaving Badly
- 14.30 Cash in the Attic
- 15.30 Garden Challenge
- 16.00 As Time Goes By
- 16.30 The Good Life
- 17.00 Location, Location, Location
- 17.30 Small Town Gardens
- 18.00 Silent Witness
- 19.00 The Inspector Lynley Mysteries
- 20.00 The Office
- 20.30 Absolute Power
- 21.00 Silent Witness
- 22.00 2 POINT 4 CHILDREN
- 22.30 The Inspector Lynley Mysteries
- 23.30 As Time Goes By
- 0.00 The Good Life
- 0.30 EastEnders
- 1.00 Silent Witness
- 2.00 The Aristocrats
- 3.00 Location, Location, Location

DR 1


- 11.50 Ha' det godt
- 12.20 Familien
- 12.50 Nyheder på tegnsprog
- 13.00 TV Avisen med vejret
- 13.10 Dawson's Creek
- 14.00 Flemmings Helte
- 14.15 SKUM TV
- 14.30 Pucca
- 14.35 That's So Raven
- 15.00 Junior
- 15.30 Skæg med tal
- 16.00 Aftenshowet
- 16.30 TV Avisen med Sport
- 17.00 Aftenshowet med Vejret
- 17.30 Hvad er det værd
- 18.00 DR1 Dokumentaren - Gud i Gørløse
- 19.00 TV Avisen
- 19.25 Penge
- 19.50 SportNyt
- 20.00 Kriminalkommissær Barnaby
- 21.40 Onsdags Lotto
- 21.45 OBS
- 21.50 DR Jobbussen
- 22.20 Flemmings Helte

NRK 1

- 7.55 Frokost-tv
- 10.00 NRK nyheter
- 10.15 Frilandsnatten
- 10.45 Standpunkt
- 11.30 4+4-2: Bakrommet: Fotballmagasin
- 12.00 Urter
- 12.20 Presidenten
- 13.00 Baby Looney Tunes
- 13.20 Thomas P.
- 13.50 Gatefotball
- 14.15 Kid Paddle
- 14.30 Fabrikken
- 15.00 NRK nyheter
- 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk
- 15.25 Norsk for nybegynnere
- 15.55 Nyheter på tegnspråk
- 16.00 Nysgjerrige Nils
- 16.15 Ugler i mosen
- 16.35 Danny og Daddy
- 16.40 Distriktnyheter
- 17.00 Dagsrevyen
- 17.30 Forbrukerinspektørene
- 17.55 Jordmødrene
- 18.25 Redaksjon EN
- 18.55 Distriktnyheter
- 19.00 Dagsrevyen 21
- 19.40 Vikinglotto
- 19.45 House
- 20.30 Migrapolis
- 21.00 Kveldsnytt
- 21.15 Lydverket
- 21.50 50 menn på 10 uker
- 22.35 Carnivale
- 23.25 Kulturnytt
- 23.35 Du skal høre mye jukeboks
- 1.00 Dansefot jukeboks

SVT 1

- 11.15 Alla presidentens män
- 13.30 Andra Avenyn
- 14.00 Rapport
- 14.10 Gomorron Sverige
- 15.00 Packat & klart
- 15.30 Krokodill
- 16.00 BöliBompa
- 16.10 Schimpansen Manda
- 16.15 Världens största kör
- 16.30 Hjämkontoret
- 16.55 Känsliga bitar
- 17.00 Bobster
- 17.30 Rapport
- 18.00 Uppdrag Granskning
- 19.00 Sex med Victor
- 19.30 Mia och Klara
- 20.00 Studio 60 on the Sunset Strip
- 20.45 Simma lugnt, Larry!
- 21.20 Rapport
- 21.30 Kulturnyheter
- 21.40 Affären
- 22.35 Sändningar från SVT24



MIÐVIKUDAGAR FISKDAGAR

Breyttu lífi þínu til hins betra og settu þér þá reglu að borða ávallt fiskrétti á miðvikudögum. Alla miðvikudaga er tilboð á ljúffengum fiskréttum í verslunum Fiskisögu.

Tilboð dagsins er
"KARFI Í CHILLI & LIME"
á aðeins 990 krónur kílóíð.



Ævintýralegar fiskbúðir

Hamraborg - Skipholt - Höfðabakka - Nesvegi - Sundlaugavegi - Háaleitisbraut - Búðakór - Tjarnarvöllum - Dalvegi

GAMLA MYNDIN



„Þetta var á mínum yngri árum, ætli ég hafi ekki verið það sem kallast pabbapólitikus, sá gamli var á fullu í þessu. Ég lét hafa mig út í þetta, en er að öðru leyti mjög ópólitískur.“

Alfreð Gíslason, handboltamaður og þjálfari, sat fyrir í auglýsingu fyrir Alþýðuflokkinn.

Natalie Portman í nýrri mynd Sigurjóns

Natalie Portman mun að öllum líkindum leika aðalkvenhlotverkið í kvikmynd Sigurjóns Sighvatssonar, Brothers. Sigurjón gat ekki staðfest þetta í samtali við Fréttablaðið en sagði að samningaviðræður við leikara væru á lokastigi. Reiknað er með að tókur á myndinni hefjist 1. desember í Nýju-Mexíkó og er þegar farið að gæta töluverðrar eftirvæntingar í kvikmyndheiminum og jafnvel verið rætt



um gæti orðið áberandi á Óskarsverðlaunahátíð. Natalie Portman hefur þrátt fyrir ungan aldur verið lengi að en hún sló eftirminnilega í gegn í kvikmyndinni Leon eftir Luc Besson. Síðan þá hefur hún meðal annars leikið drottninguna Padmé í seinni Stjörnu-

EFTIRSÓTT Natalie Portman er eftirsótt leikkona og var meðal annars tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir frammistöðu sína í Closer.

striðs-þrífleikum og V for Vendetta á móti Hugo Weaving og Stephen Fry. Portman var tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta leikkona í aukahlutverki fyrir frammistöðu sína í Closer eftir Mike Nichols.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu er Brothers endurgerð dönsku kvikmyndarinnar Bróðre sem Susanne Bier gerði. Myndin segir frá tveimur bræðrum og hvernig líf þeirra breytist þegar annar þeirra er sendur til Afganistans en hinn situr eftir heima og verður ástfanginn af mágkonu sinni. Þegar hefur verið tilkynnt að Toby Maguire og Jake Gyllenhaal leiki aðahlutverkin en leikstjóri er Jim Sheridan. -fgg



STÓRSTJÖRNUR Sigurjón hefur raðað í kringum sig stórstjörnum í kvikmyndina Brothers.

1	2	3	4	5
6	7	8		
9	10	11		
12		13		
14				15
16		17		
18	19	20		
21				

LÁRÉTT

2. báru að 6. ógrynni 8. hlaup 9. skard 11. gangþófi 12. þrykk 14. kjöstykki 16. skammstöfun 17. rá 18. óhreinka 20. tveir eins 21. nudda.

LÓÐRÉTT

1. rusl 3. einnig 4. verkfæri 5. hár 7. formaður 10. skref 13. tangi 15. drepa 16. teygja 19. til.

LAUSN

16. þan, 19. að. Ull, 7. forseti, 10. fét, 13. nes, 15. kála, 16. þrykk, 17. átt, 18. áta, 20. íll, 21. nida.

LÓÐRÉTT: 1. sörp, 3. óg, 4. meitill, 5. slá, 18. áta, 20. íll, 21. nida. LÁRÉTT: 2. koma, 6. of, 8. gæl, 9. röt, 11. íll, 12. þrenn, 14. steyk, 16. þe, 17.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8.

- 1 Bill Clinton.
- 2 In Rainbows.
- 3 Pálmi Gestsson.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

SNÝR AFTUR Í HEIM LISTAVERKANA Pétur Þór Gunnarsson hyggst opna nýtt gallerí í Skipholti ásamt eiginkonu sinni Ernu Flygenring um miðjan október. Hann hræðist ekki viðbrögð listaverkaheimsins þótt hann viti vel að hann sé umdeildur.

PÉTUR ÞÓR GUNNARSSON: OPNAR NÝTT GALLERÍ Í SKIPHOLTI

Pétur Þór snýr aftur úr útleigð

„Fáir verða fúlsir, aðrir glaðir, sumir hræddir en flestum er alveg örugglega sama,“ segir Pétur Þór Gunnarsson, oftast kenndur við Gallerí Borg. Síðar í mánuðinum opnar Pétur nýtt gallerí ásamt eiginkonu sinni, Ernu Flygenring, í Skipholti 35. Hann hefur verið í sjálfskipaðri útleigð frá listaverkaheiminum í tíu ár eða frá því að rannsókn hófst á stóra málverkafölsunarmálinu en hann var sem kunnugt er sýknaður af ákærulidunum fimmtúu ásamt Jónasi Freyðal Þorsteinssyni í Hæstarétti fyrir þremur árum.

Pétur hræðist ekki viðbrögð listaverkaheimsins þótt margir hafi enn ekki sætt sig við niðurstöðu Hæstaréttar og vildu sjá Pétur dúsa á bak við lás og slá. „Það breytist ekkert,“ segir Pétur. „En svo var náttúrlega annar hópur sem var sannfærður um sakleysi mitt og ég vona auðvitað að fólk gefi manni annað tækifæri.

Hér á Íslandi vantar annað uppboðshús og samkeppni hlýtur alltaf að vera af hinu góða,“ segir hann. „Ég hef nú verið að vasast í ýmsu,“ svarar Pétur þegar hann er spurður hvar hann hafi alið manninn undanfarin ár en Pétur rak meðal annars Café Amor norður á Akureyri. Pétur var staddur í galleríinu þegar Fréttablaðið náði tali af honum en þar hefur hann unnið bæði nótt sem nýtan dag við að koma öllu í rétt horf. Upphaflega stóð til að galleríið myndi opna 9. september en það hefur aðeins dregist á langinn og reiknar Pétur með að þau opni um miðjan október. Nafn gallerísins er hins vegar mikið leyndarmál en að sögn Péturs á það eftir að koma mikið á óvart.

Pétur segir blöndnar tilfinningar berast innra með sér í ljósi alls þess sem á undan er gengið en víðurkennir að hann sé búinn að velta endurkomu fyrir sér í nokkur

ár. „Þetta er auðvitað bara eitthvað sem ég kann og hafði mjög gaman af á sínum tíma,“ segir Pétur og bætir því við að þau hjónin ráðist úti þennan rekstur á allt öðrum forsendum en þegar þau keyptu Gallerí Borg. „Ég hafði unnið í galleríinu í nokkur ár og þekkti því mjög vel innviði þess en núna byrjum við bara á nullo,“ segir hann.

Listaverkasalinn segir enn fremur að það hafi hvatt hann áfram að landslagið í málverkaheiminum sé allt öðruvísi en í „gamla daga“. Þá hafi kannski verið tveir til þrjár sem keyptu listaverk á yfir tvær milljónir en nú sé öldin önnur og margir séu um hituna. „Ný kynslóð er að taka við sem er að kaupa allt annað en þeir sem voru á uppboðum hjá mér í Gallerí Borg,“ segir Pétur en tekur fram að þau hjónin ætli að byrja þetta allt á rólegu nótonum og fíkra sig áfram en þau ætli sér meðal annars að leigja út salinn til sýninga.

freyrgj@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI



Framboðssíðan framþjodandi.is hefur vakið verðskuldaða athygli en þar geta netverjar látið í ljós skoðun sína á því hver eigi að verða næsti forseti íslenska lýðveldisins og taka þar af leiðandi við af Ólafi Ragnari

Grimssyni. Eins og staðan er í dag leiðir grínistinn Jón Gnarr kapphlaupið en á listanum má sjá marga þjóðþekkt einstaklinga á borð við Randver Þorláksson og Hörð Torfason.



Knattspyrnumenn landsins fjölmenntu á Oliver um helgina í þeim tilgangi að fagna því að síðustu leikir Landsbankadeildarinnar væru afstaðnir. **Helgi Sigurðsson** var þar fremstur í flokki Valsmanna sem fögnuðu Íslandsmeistaratininum fram undir morgun. Lið Skagamanna ákvað að keyra til Reykjavíkur í stað þess að skveta úr klaufunum í Stapanum í Keflavík eftir leikinn þar í bæ. **Bjarni Guðjónsson** var því á Oliver ásamt konu sinni og flestum liðsmönnum ÍA. Einnig mátti sjá **Reyni Leósson**, fyrirlíða Fram, auk leikmanna Leiknis og Þróttar.

Stórleikarinn og hreindýrskyttan **Pálmi Gestsson** fagnaði fimmtugsafmæli sínu ásamt vinum og vandamönnum á skemmtistaðnum Nasa í gærkvöldi. Pálmi sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að eiginkonan **Sigurlaug Halldórsdóttir** hefði haft veg og vanda af skipulagningu hátíðarhaldanna og troðfylltu vinir og vandamenn leikarans skemmtistaðinn og samgöddust þeim hjónum á þessum merkelegu tímamótum leikarans en veislustjóri var enginn annar en **séra Hjálmar Jónsson**.

-fgg/sók

Alþingismaður gerist fasteignasali

Guðjón Hjörleifsson, fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins og bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, hefur lagt stjórn málin á hilluna og hefur þessi í stað opnað fyrirtækja-, fasteigna- og skipasöluna Heimaey, þjónustuver ehf. sem auk þess er með umboð fyrir tryggingafélagið Vörð.

Guðjón tók fullgild réttindi árið 1997 en svo tók pólitíkin í taumana. Nú er hann hins vegar aftur kominn á ról eftir að hafa fengið þau réttindi endurnýjuð. „Þetta er alveg rosalega fínt. Ég kann vel við mig hérna og Eyjamen hafa tekið mér og fyrirtækinu vel,“ segir Guðjón. Hann bætти við að það væru samt nokkur viðbrögð að vera kominn

aftur í „átta til fjögur“ -vinnu. „Eflaust á eftir að taka smá tíma að venjast því en þessi rútína kemur aftur.“

Guðjón segir að hann hafi velt nokkrum nöfnum fyrir sér og á einum tímamarki hafi það komið til greina að skýra fyrirtækið Gaui Bæjón enda hefur þingmaðurinn fyrrverandi gengið undir því nafni í Vestmannaeyjum síðan hann sat í bæjarstjórastólnum. „Og ég kynni mig sjálfur stundum svoleiðis,“ bætir Guðjón við og hlær.

-fgg

FASTEIGNASALI Í EYJUM Guðjón Hjörleifsson hefur sagt skilið við þrasið í þingsalnum og selur nú fasteignir í Vestmannaeyjum.



FRÉTTABLAÐIÐ

- smáauglýsingar sem allir sjá

Til Sölu
Smáauglýsingar af öllum gerðum.
Allar mjög sjáanlegar og í góðu ástandi
Uppl. í s. 550-5000



Heima

a film by

SIGUR RÓS

Sýnd í stóra sal Háskólabíós um helgina

Föstudag 5. október	18:00	20:00	22:00	23:59
Laugardag 6. október	16:00	18:00	20:00	22:00 23:59
Sunnudag 7. október	16:00	18:00	20:00	22:00

Forsala er hafin á midi.is og í Háskólabíói



Morgunblaðið




ICELANDAIR



KLIKK FILM



truenorth



BAKPANKAR
Þórhildar Elínar
Elínardóttur

Boðun í skoðun

Í fyrradag hlotnaðist mér sá heiður að fá að vera viðstödd setningu Alþingis. Þrátt fyrir að vera almennt frekar léleg í uppskrúfuðu prótókoli varð ég að svalla forvitninni og fylgjast með þessari virðulegu athöfn að minnsta kosti einu sinni. Eftir að hafa smogið inn í Dómkirkjuna í gegnum skrudhúsið var mér vísað til sætis fyrir aftan auðar raðir ætlaðar háttvirtum og hæstvirtum. Hátíðleikinn lá í loftinu og spennan náði hámarki þegar aðaldyrnar opnuðust loks.

ÞRÁTT fyrir að vera pönkari í hjartanu er ég hrifnæm eins og barn. Þegar spariklædd skrudganga forsetahjóna, biskups og ríkisstjórnar streymdi inn kirkju-gólfið varð andrúmsloftið fáein augnablik svo þrungði lotningu fyrir stund og stað að ég komst við. Horfði klökk á allt þetta góða fólk sem fórnar sér landi og þjóð til heilla. Svo kom stjórnarandstaðan en þá bráði væmnin af og ég endurheimti steinhjarta pönkrans.


EFTIR messugjörð var komið að hinni spennandi stund þegar við viðhengin fengum að elta skrudgönguna í gegnum heiðursvörð lögreglunnar til baka í þinghúsið. Kitlandi eftirvænting um mót-mæli og almenn róstur á Austurvelli breyttust í vonbrigði þegar kom í ljós að enginn nema þrjár gamlar konur höfðu nennt að mæta til að fylgjast með. Það hvarflaði ekki að þeim að henda einu einasta eggju svo hin pena stund hélt áfram að vera rosalega pen.

OG eftir að hafa setið á byltingarsinnanum í sjálfri mér í heilar tvær klukkustundir var ég næstum farin að trúá því sjálf að ég væri í alvörunni hrikalega pen. En ef einhvern tímann flögraði að mér að ofmetnast í hinum virðulega félagsskap kom veruleikinn mér snarlega niður á jörðina um leið og út var komið. Ég fékk að vísu ekkert egg í hausinn frá æstum mótmælendum, en bíllinn minn – sem lagt var í hæstvirt bílastæði Alþingis – var í bak og fyrir skreyttur þjósnalegum límmiðum frá lögreglunni um boðun í skoðun. Hlutadeigandi lögregluþjónn er auðsjáanlega dugleg og praktísk manneskja því fyrst hann þurfti hvort eð er að standa heiðursvörð niðri í bæ var ágætt að nota ferðina og sekta einhverja trassa. Og gaf mér í leiðinni dýrmæta lexíu í reiðistjórnun, auðmýkt og æðruleysi.

GÓÐAN DAG!
Í dag er miðvikudagurinn 3. október, 276. dagur ársins 2007.

Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík 7.41	13.17	18.51
Akureyri 7.27	13.01	18.34

Heimild: Almanak Háskólans



Ræðst gegn verkjum

Paratabs® – Öflugur verkjabani!

Notkunarvið: Paratabs®-Parasetamól 500 mg er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Paratabs® er m.a. notað við höfuðverk, tannverk og tíðaverk. Paratabs® er einnig notað við sótthita, t.d. af völdum influensu og umgangspesta. **Skömmtun:** Fullorðnir og börn eldri en 12 ára (>40 kg) 1–2 töflur á 4–6 klst. fresti, mest 8 töflur á sólarhring eða 4000 mg. Börn, 7–12 ára (25–40 kg), ½–1 tafla á 4–6 klst. fresti, mest 4 töflur á sólarhring eða 2000 mg. Börn, 3–7 ára (15–25 kg), ½ tafla á 4–6 klst. fresti, mest 4 sinnum á sólarhring eða 1000 mg. **Varúðarreglur:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir parasetamóli eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota Paratabs®. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta lifrar- og nýrnastarfsemi. Einstaklingar með áfengisvandamál skulu ekki nota Paratabs® án samráðs við lækni og alls ekki samhliða neyslu áfengis. Ef teknir eru stærri skammtar en ráðlagðir hámarks-skammtar á sólarhring er hætt við alvarlegum lifrarskemmdum. Lyfið má ekki nota ef um lifrarsjúkdóm er að ræða. **Meðganga og brjóstgjöf:** Engin þekkt áhætta er af notkun parasetamóls á meðgöngu. Parasetamól skilst út í brjóstamjól en hætta á áhrifum á barnið er ólíkleg við ráðlagða skammta. **Aukaverkanir:** Parasetamól þolast almennt vel, aukaverkanir eru sjaldgæfar ef ráðlögðum skömmtum er fylgt, helst er að nefna ofnæmi, útbrot og lifrarskemmdir. Lifrarskemmdir við notkun parasetamóls hafa komið fram í tengslum við misnotkun áfengis, eins getur langvarandi notkun parasetamóls valdið nýrnaskemmdum. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið ávallt þar sem börn hvorki ná til né sjá. 15. júní 2007.

